



SKOÐUN Guðlaug Kristjánsdóttir skrifar um bæjarstjóraun í Hafnarfirði. **11**



MENNING Leikar Þjóðleikhússins hófst í gær með formlegum hætti. **20**



LÍFID Ragnar í Of Monsters and Men segir frá textamyndböndum sveitarinnar. **30**



SPORT Íslenska U-19 ára liðið hefur slegið í gegn á HM í Rússlandi. **26**



ENDALAUST TAL OG
10 GB Á 3.990 KR.*

365

Færðu farsímann yfir til 365 og fáðu frábært sjónvarpsefni á fánanlega góðu verði.

☎ 1817
365.is

*Gildir fyrir áskrifendur í tilboðspökkum 365


FRÉTTABLAÐIÐ

Priðjudagur

18. ágúst 2015
192. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Skoða áhrif gerðardóms

Landsspítalinn metur nú áhrif úrskurðar gerðardóms um laun hjúkrunarfræðinga. Óvissa er um hvort úrskurðurinn fari út fyrir þau mörk sem sett voru í almennum samningum í sumar. **4**



Púsundir misstu heimili sín Eldar loga enn í hafnarborginni Tianjin í Kína þar sem gríðarlegar sprengingar urðu meira en 100 manns að bana í síðustu viku. Baneitruð efni hafa fundist í afrennslisvatni í borginni. **8**

Vont veður eyðilagði talningu Slæmt veður varð til þess að raunhæft mat á hrefnustofninum á landgrunni náðist ekki í víðtækri hvalatalningu. **2**



KONA Í KARLAVÍGI Rúna Kristín Stefánsdóttir varð í gærkvöld fyrsta konan til að dæma í efstu deild karla í knattspyrnu á Íslandi. Rúna Kristín dæmdi leik Fylkis og Keflavíkur í Árbænum og stóð sig með þryði, en leikurinn fór 3-3.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Segir að ríkið virði ekki samkomulag

Tónlistarskólar í Reykjavík eru mjög illa staddir fjárhagslega og óljóst hvort þeir geta haldið áfram starfsemi. Björn Blöndal segir vandann á ábyrgð ríkisins og vísar í samkomulag frá árinu 2011. Borgin standi við sinn hluta samkomulagsins.

MENNTAMÁL „Hugmyndafræðin gengur út á það að framhaldsnám, meðal annars í tónlist, sé á ábyrgð ríkisins og grunnnám og nám á miðstigi sé á ábyrgð sveitarfélaga. Þetta snýst svolítið um það,“ segir Björn Blöndal, formaður borgarráðs og staðgengill borgarstjóra, um þá alvarlegu stöðu sem tónlistarskólar í Reykjavík eru í, að geta ekki fjármagnað starfsemi sína. „Við klögum þennan bráðavanda upp á ríkið, en þetta eru þó ansi snúin mál.“

Fréttablaðið greindi frá því á dögnum að Tónlistarskólinn í Reykjavík, Tónlistarskóli FÍH, Söngskólinn í Reykjavík og Söngskóli Sigurðar Demetz væru mjög illa staddir fjárhagslega og að óljóst væri hvort skólarnir gætu haldið áfram starfsemi sinni.

Sumarið 2011 var gert samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um nokkur hundruð milljóna króna fjárframlag ríkissjóðs til tónlistarmenntunar á framhaldsstigi. Fjárhæðin átti að ganga upp



S. BJÖRN BLÖNDAL

þó fjölgað og var ekki tekið tillit til launahækkana í kjarasamningum þegar samkomulagið var gert. Töluvert vanti því upp á að fjárhæðin dugi og er uppsafnaður vandi orðinn mikill.

Að sögn Þórunnar túlkar ríkið samkomulagið þannig að sveitarfélögum beri að brúa bilið, enda beri þau ábyrgð samkvæmt lögum. Borgin telji hins vegar að samkomulagið aflétti ábyrgð hennar á framhaldsstiginu og neiti að borga.

„Þetta stendur á ríkinu. Við gerðum samkomulag í vor um að setja þarna inn ákveðna peninga

í kennslukostnað allra framhaldsstigsnema á landinu. Að sögn Þórunnar Guðmundsdóttur, stjórnarmanns Samtaka tónlistarskóla í Reykjavík, hefur nemendum

til að leysa bráðavanda en með skilyrði um aðkomu ríkisins. Ég stóð í þeirri meiningu þá að allt væri klappað og klárt en það er eins og það standi eitthvað á hjá ríkinu,“ segir Björn sem á við samkomulag milli Samtaka tónlistarskóla í Reykjavík, Reykjavíkurborgar og menntamálaráðuneytisins frá því síðastliðið vor. Þar var ákveðið að lagt yrði fram aukið fé til að tryggja rekstur skólanna. Skólarnir hafa þó ekki fengið neitt fjármagn ennþá.

Björn segir að borgin muni standa við sinn hluta samkomulagsins. „Við skilum auðvitað okkar framlagi en það verður að því gefnu að ríkið standi við sinn hluta. Okkar framlag eitt og sér bjargar þessu ekki.“

Skólastjórnendur í Reykjavík eru sannfærðir um að lög kveði á um ábyrgð sveitarfélaga á rekstri tónlistarskóla og hefur Tónlistarskólinn í Reykjavík stefnt borginni fyrir vangoldin kennslulaun.

- ngy

Víðtæk áhrif af banni: Loðnumarkaður nær hverfur

VIÐSKIPTI Um 80 prósent af frosinni loðnu fóru á Rússlandsmarkað, áður en til viðskiptabanns Rússa á íslenskar vörur kom. Jens Garðarsson, formaður Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, segir mun lægra verð á öðrum mörkuðum.

- srs / sjá síðu 6



SÉRBLAÐ Fólk



FARTÖLVUBLAÐ TÖLVULISTANS FYLGIR BLAÐINU Í DAG!


FARTÖLVUR Á LÆGRA VERÐI!

TÖLVU LISTINN

tl.is

TÖLVU LISTINN

VEÐUR



Að mestu hæg austlæg átt í dag og víða bjart fyrir norðan, en rigning um sunnanvert landið með austan strekkingi við suðurströndina. Pykknar upp norðvestan til í kvöld með smávægis rigningu. Hiti 9 til 16 stig, hlýjast á Norðausturlandi.

SIÁ SÍÐU 18

Um 20 manns létu lífið og hátt í hundrað særðust í sprengingu í hofi hindúa í Taílandi: Margir útlendingar meðal hinna látnu

TAÍLAND Mikil sprenging varð í Bangkok um kvöldmatarleytið í gær, að staðartíma, en þá var klukkan að nálgast hádegi hér á landi. Sprengju hafði verið komið fyrir undir bekk við Erawan-hofið, sem er vinsæll viðkomustaður hjá ferðamönnum. Um tuttugu manns létu lífið og meira en 80 urðu fyrir misalvarlegum meiðslum. Margir hinna látnu eru sagðir vera útlendingar. Prawit Wongsuwan forsætisráðherra sagði augljóst að þetta vöðaverk hefði verið framið til þess að koma höggi á ferðaþjónustu landsins og þar með efnahag Taílands. Í framhaldinu var ákveðið að herða mjög

öryggisgæslu á vinsælum ferðamannastöðum. Sprengjuárásir eru afar sjaldgæfar í Bangkok, þrátt fyrir að oft hafi þar komið til harðvítugra óeirða í tengslum við pólitísk innanlandsátök undanfarin ár. Serawan-hofið er hindúahof, tileinkað guðinum Brahma. Kínverskir ferðamenn hafa sérstaklega verið áhugasamir um að heimsækja þetta Hof þegar þeir koma til borgarinnar. -gb



FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

EYÐILEGGING Nokkur vélhjól liggja skemmd á götunni eftir sprenginguna við Erawan-hofið í Bangkok.



MÓTMÆLI Myndbandið rataði víða en þar sjást árársarmennirnir hæðast að drengnum, binda hann við staur og berja hann með stöng. NORDICPHOTOS/GETTY

Unglingsdregur var myrtur á hrottalegan hátt: Prettán ákærðir fyrir morðið

BANGLADESS Prettán menn hafa verið ákærðir í Banglades fyrir hrottalegt morð á Samiul Alam Rajon, prettán ára gömlum dreg. Drengurinn var barinn til bana eftir að hafa verið sakaður um að hafa stolið hjóli þann 8. júlí síðastliðinn. Hann var bundinn við staur á meðan mennirnir börðu hann. Mikil reiði braust út eftir að myndskeld sem sýnir menn ganga í skrokk á drengnum var birt á netinu. Í myndbandinu má heyra drenginn grátbiðja mennina um að þyrma lífi sínu. Við réttarmeinarannsókn fundust 64 áverkar á líkama hans. -ngy

Óvíst um tjón eða meiðsl: Jarðskjálfti í San Francisco

BANDARÍKIN Jarðskjálfti, 4,1 að styrkleika, vakti íbúa San Francisco í gærmorgun. Skjálftinn varð rétt fyrir klukkuna sjö í gærmorgun að staðartíma og var miðja hans skammt frá Berkley og Oakland. Upptök hans voru á um fimm kílómetra dýpi. Jarðskjálftar eru tíðir á svæðinu en Kaliforníuríki liggur á skilum Kyrrahafs- og Norður-Ameríkuflakans. Árið 1906 varð til að mynda stór skjálfti sem nánast eyddi San Francisco. Engar fregnir hafa borist af tjóni eða meiðslum í kjölfar skjálftans. -jóe

Lenti í flugslysi á Tröllaskaga: Útskrifaður af gjörgæslu

SLYS Arngrímur Jóhannsson flugstjóri hefur verið útskrifaður af gjörgæsludeild Landspítalans. Hann liggur nú á lýtalækningadeild spítalans en hann hlaut alvarleg brunasár á öðrum handlegg og báðum fótleggjum. RÚV greinir frá og vísar í upplýsingar af Landspítalanum. Arngrímur lenti sem kunnugt er í flugslysi á Tröllaskaga á síðustu viku þegar lítill flugvél brotlenti skömmu eftir flugtak frá Akureyri. Félagi Arngríms í fluginu, Arthur Grant Wagstaff frá Kanada, lést. -ktl

Vont veður skemmdi fyrir hvalatalningu

Þegar liggur fyrir að raunhæft mat á hrefnustofninum á landgrunni Íslands náðist ekki í víðtækri hvalatalningu sem nýlega lauk. Veður var mjög óhagstætt og talning fírst því fyrir á stórum svæðum. Úrvinnsla gagna er að hefjast.

RANNSÓKNIR Aldrei hefur veður verið eins óhagstætt vísindamönnum við hvalatalningar frá því að þær hófust árið 1987. Þess vegna er þegar fyrir séð að ekki næst marktæk talning á hrefnu við landið og mælt er til þess að framhaldsrannsókn verði gerð. Víðtækum hvalatalningum á vegum Hafrannsóknastofnunar er nýlokið, en þær fóru fram í samstarfi við nágrannaþjóðir við Norður-Atlantshaf og var skipulagning þeirra á vettvangi Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins (NAMMCO). Talningar sem þessar fóru fyrst fram árið 1987 og voru síðan endurteknar árin 1989, 1995, 2001 og 2007. Þær hafa sýnt talsverðar breytingar í fjölda og útbreiðslu hvala við landið síðastliðin 20 ár. Gísli A. Víkingsson, hvalasérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, segir að niðurstöðu talninganna sé ekki að vænta fyrir en eftir nokkra mánuði; gögnin séu að koma í hús og úrvinnsla þeirra að hefjast. Gísli segir að í síðustu talningu, árið 2007, hafi komið fram að hrefnu hafði fækkað mjög á landgrunninu við Ísland, úr um 40.000 dýrum í 20.000 dýr. Þó sé landgrunnið við Ísland aðeins lítil hluti af stofnsvæði hrefnunnar og fjöldi þeirra hér við land segi aðeins hluta sögunnar. Ástæður þessarar fækkunar við Ísland í talningunni 2007 telja sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar tengjast hinum miklu breytingum í hafinu með þeirri miklu hlýnun sem orðið hefur frá því fyrir aldarmót. „Hlýnunin hefur haft áhrif á mikilvægar fæðutegundir hrefnu, einkum sandsíli og loðnu. Sandsílið hrundi um 2005 eins og afleiðingar á sjófuglastofna bera með sér. Sand-



Á VEIÐUM Veiðar á hrefnu eru svo litlar við Ísland að þær hafa engin áhrif á stofnstærð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

sílið var ein aðalfæðutegund hrefnu fyrir sunnan og vestan land – og var um 80% af fæðu hrefnunnar árið 2003 en var aðeins lítil hluti ætis hennar fjórum árum síðar,“ segir Gísli og bætir við að þess vegna hafi hrefnan fært sig yfir í að éta þorsfiska og síld. Hitt er að hún gæti hafa elt loðnu til Grænlands en það hefur það ekki verið staðfest með talningum. Hins vegar hefur hnúfubak og langreyði fjölgað. „Við erum því mjög spennit fyrir að sjá niðurstöður talninganna. Hins vegar var veður afar óhagstætt í talningunum núna – sérstaklega á landgrunninu þar sem flugtalningin fór fram. Við náðum ekkert að telja fyrir Norður- og Austurlandi og því þegar ljóst að við munum ekki fá raunhæft mat á hrefnustofninum fyrir allt landgrunnið. Það er mjög miður og við náðum aðeins að telja á 38% af því svæði sem við ætluðum að skoða,“ segir Gísli en nefnir að lagt verði til að gerð verði lofttalning aftur sem fyrst. Það sé hins



Við náðum ekkert að telja fyrir Norður- og Austurlandi og því er þegar ljóst að við munum ekki fá raunhæft mat á hrefnustofninum fyrir allt landgrunnið.
Gísli A. Víkingsson, sérfræðingur á Hafrannsóknastofnun

vegar háð því að fjárveiting fáiist í það verkefni hvort af verður. Gísli segir ljóst að hvalveiðar Íslendinga hafi engin áhrif á stofnstærð þeirra hvala sem veiddir eru; hrefnu og langreyði. Hrefnuveiðar hafi í fyrri t.d. aðeins verið lítil hluti þess kvóta sem gefinn var út. svavar@frettabladid.is

Ríkissaksóknari snéri við ákvörðun sérstaks saksóknara um afhendingu gagna:

Fá gögn vegna símhlerunar afhent

SAMFÉLAG „Ég er búinn að vera að vinna í því að fá gögn vegna símhlerana hjá Pálma Haraldssyni og Embætti sérstaks saksóknara hefur barist gegn því. Nú hefur ríkissaksóknari þó lagt fyrir sérstakan saksóknara að láta mig fá gögnin,“ segir Sigurður G. Guðjónsson, lögmaður Pálma Haraldssonar athafnamanns, en sími Pálma var hlaður frá og með 11. maí til loka maí 2010 eftir að slitastjórn Glitnis stefndi Pálma ásamt sex öðrum stjórnendum bankans fyrir að hafa brotið gegn lögum í viðskiptum bankans. Sigurður krafðist þess að fá afhent gögn í tengslum við símhlerunina frá sérstökum saksókn-



SIGURÐUR G. GUÐJÓNSSON

ara árið 2012 sem neitaði að afhenda þau. Nú hefur Embætti ríkissaksóknara snúið við þeirri ákvörðun sérstaks saksóknara, en embættið hefur frá árinu 2012 haft eftirlit með símhlustunum sérstaks saksóknara. „Átján mánuðum eftir að hætt var að hlera síma Pálma fékk hann upplýsingar um það. Það á að láta vita eins fljótt og hægt er svo framarlega sem rannsóknarhagsmunir eru ekki í húfi,“ segir

Sigurður og bætir við að engir hagsmunir hafi verið í húfi allan þennan tíma. Sigurður segir að nú bíði hann eftir því að fá gögnin afhent til þess að kanna á hvaða forsendum héraðsdómari hafi kveðið upp úrskurð sem heimilaði símhleranir. „Til þess að hlera síma þarf að vera um að ræða brot sem varðað getur átta ára fangelsi. Þegar hleranirnar hófust lá ekki fyrir neitt um það að Pálmi hefði gerst brotlegur um eitthvað sem varðar átta ára fangelsi,“ segir Sigurður sem bætir við að símhlerun sé gríðarlegt inngrip í friðhelgi einkalífs einstaklings og að engin skilyrði heimildarákvæðisins hafi verið til staðar. -ngy

FARIN PLUSH
Queen Size rúm (153x203 cm)
FULLT VERÐ 278.710 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 139.355 kr.
= 50% AFSLÁTTUR!

50% AFSLÁTTUR

Útsalan í fullum gangi!

rekkjan
HEILSURÚM

Touareg
+285.000 kr.



UPPFÆRSLUBÓNUS VOLKSWAGEN

Golf Sportsvan
+125.000 kr.

Passat
+150.000 kr.

Tiguan
+190.000 kr.

Up!
+65.000 kr.

Polo
+80.000 kr.

Golf
+100.000 kr.

Golf Variant
+120.000 kr.

Bílinn þinn upp í nýjan og við bætum um betur.

Það hefur sjaldan verið eins gaman að endurnýja bílinn. Þegar þú setur bílinn þinn upp í nýjan Volkswagen færðu sérstakan **uppfærslubónus*** sem fer stighækkandi eftir tegund. Notaðu þetta einstaka tækifæri til að fá þér nýjan Volkswagen og setja þann gamla upp í. Við metum hann og bætum um betur.

*Gildir til 31. 12. 2015.



Das Auto.



„Hallfríður, verður þetta djúp bíósýning?“

„Já, hún verður alveg helluð.“

Hallfríður Þóra Tryggvadóttir er verkefnastjóri hjá RIFF og sér um bíósýningu í helli í nágrenni borgarinnar sem haldin verður þann 3. september næstkomandi.

50,1 prósent landsmanna er andvígur inngöngu Íslands í ESB samkvæmt könnun Gallup:

Meirihluti andvígur inngöngu í ESB

UTANRÍKISMÁL Meirihluti landsmanna, eða 50,1 prósent, er andvígur inngöngu Íslands í Evrópusambandið samkvæmt könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir Heimssýn dagana 16. til 27. júlí síðastliðinn.

Fylgjendur aðildar eru 34,2 prósent en 15,6 prósent svöruðu að þau væru hvorki fylgjandi né andvíg inngöngu.

Andstaða við inngöngu er mest hjá þeim sem myndu kjósa stjórnarflokkana. Þannig eru 95 prósent þeirra sem hefðu kosið Framsóknarflokkinn þegar könnunin var gerð andvíg inngöngu Íslands í Evrópusambandið og 83 prósent af þeim sem hefðu kosið Sjálf-

stæðisflokkinn. Fjórutíu prósent af stuðningsflokki Vinstri grænna eru á móti inngöngu en 33 prósent hlynt henni.

Þá er stuðningur við inngöngu mestur hjá fylgissólki Samfylkingar eða 78 prósent.

Alls voru 1.482 manns í úrtaki í þessari netkönnun sem Gallup gerði á ofangreindu tímabili. Í hópnum var fólk af landinu öllu, 18 ára og eldra, handahófsvalið úr Viðhorfhópi Gallup. Fjöldi svarenda var 825.

MÓTMÆLI Oftsinnis hefur ESB verið tilefni mótmæla við Alþingi.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Í FJARÐABYGGÐ Margir hafa þungar áhyggjur af Rússmálinu. MYND/KSH

Fjarðabyggð ályktar: Sjávarbyggðir njóti vafans

SVEITARSTJÓRNARMÁL Bæjarráð Fjarðabyggðar skorar á stjórnvöld að hafa hagsmunum sjávarbyggða að leiðarljósi í aðgerðum á þeirra vegum vegna viðskiptabanns Rússlands.

Fjallað var á fundi bæjarráðs í gærmorgun um þá stöðu sem er að myndast vegna viðskiptabannsins.

Bæjarráðið skorar á íslensk stjórnvöld að hafa hagsmunum sjávarbyggðanna og störf til sjós og lands í huga í öllum sínum gjörðum á næstunni. Íslenskur sjávarútvegur sé ekki aðeins ein af grunnstöðum margra sveitarfélaga, eins og Fjarðabyggðar, heldur einnig Íslands alls og þess fjöreggs verði að gæta vel.

Kynna nýjan áfangastað:

Hefja flug til Aberdeen

FERÐAÞJÓNUSTA Icelandair flýgur fjórum sinnum í viku til Aberdeen í Skotlandi frá og með mars á næsta ári. Í tilkynningu félagsins kemur fram að flugið verði á mánudögum, miðvikudögum, föstudögum og laugardögum.

Flugfélag Íslands annast flugið fyrir Icelandair á Bombardier Q400 flugvél sem tekur 72 farþega. Flugið verður til og frá Keflavíkurlugvelli. Flugið til Aberdeen er sagt taka tvo og hálfan tíma.

Skoða áhrif á rauðu strikin

Gerðardómur færði hjúkrunarfræðingum 25 prósent launahækkun á fjórum árum á meðan ríkið bauð 19 prósent. Landspítalinn er að greina áhrif ákvörðunarinnar. Hjúkrunarfræðingar eru tiltölulega sáttir.

KJARAMÁL Unnið er að því að greina áhrif gerðardóms um kjör fólks í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og Bandalagi háskólanna (BHM) á fjárhag og áætlanir Landspítalans. Þá er óvissa um hvort gerðardómur fer út fyrir þau mörk sem sett voru í samningum á almenna markaðnum í sumar. Þar eru ákvæði um að samningar séu lausir ef launaskrið annarra hópa verður meira en þar er kveðið á um.

Samkvæmt upplýsingum frá Landspítalanum er búist við því að greining á kostnaðarauka spítalans liggja fyrir um eða eftir miðja vikuna, en dæmið sé flókið, enda um marga hópa starfsmanna að ræða. Ekki



ÓLAFÍA B. RAFNSDÓTTIR

liggur því fyrir hvernig spítalinn kemur til með að mæta auknum kostnaði, en venja sé hins vegar fyrir því að ríkið bæti stofnunum sínum kostnað sem þær verða fyrir vegna kjarasamninga.

Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, segir verið að taka saman gögn um hver áhrif ákvörðunar gerðardóms kunni að vera á samninga á almenna markaðnum. Í ákvörðun gerðardóms eru til að mynda ekki ákvæði um stiglækkandi prósentuhækkunir eftir því sem fólk er herra í launum, líkt og samið var um á almenna markaðnum.

„Ég minni á að opunarákvæði hjá okkur er ekki fyrir en í febrúar, en samt sem áður fylgjumst við grannt með og skoðum með tilliti til okkar hópa.“ Hún segir að í fljótu bragði sýnist henni þó sem niðurstaðan auki líkur á að opunarákvæði í samningum á almenna markaðnum verði virkjað eftir



Á LANDSPÍTALANUM Niðurstaða gerðardóms í kjaramálum hjúkrunarfræðinga er um fimm prósentustigum yfir því sem samninganefnd ríkisins hafði boðið stéttinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

áramót. „En skynsamlegast er að skoða þessar niðurstöður í heild sinni,“ segir hún. Nokkur munur sé á gerðardómi vegna BHM og hjúkrunarfræðinga, en ákvörðun vegna BHM gildir í tvö ár en fjögur vegna hjúkrunarfræðinga. Þegar komi að heildstæðu kostnaðarmati í febrúar sé grundvallaratriði að hér verði kaupmáttaraukning, að aðrir hópar fari ekki fram úr almenna markaðnum og að ríkisstjórnin standi við sín loforð. „Þá þurfum við að skoða þetta allt í samhengi.“

BHM kynnti niðurstöðu gerðardóms á almennum fundi á Hilton hóteli Nordica í gærkvöldi, en forráðamenn félagsins hafa lýst ánægju með niðurstöðuna, þar sem meðal annars er tekið tillit til krafna um launahækkunir vegna menntunar. Í kvöld er Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga með sambærilegan fund á Grand hóteli í Reykjavík.

Þá upplýstu hjúkrunarfræðing-

ar í gær að ákveðið hefði verið að falla frá málarekstri á hendur ríkinu vegna lagasetningar á verkfallsaðgerðir þeirra. Það segir Ólafur G. Skúlason, formaður félagsins, hafa verið gert vegna þess að í dómi Hæstaréttar varðandi BHM hafi verið svarað mörgum þáttum í málshöfðun hjúkrunarfræðinga. Stjórn félagsins lýsi hins vegar vonbrigðum með niðurstöðu Hæstaréttar sem telji ríkisvaldinu heimilt sem samningsaðila í kjaradeilu og handhafa löggjafarvalds að svipta stéttarfélag samnings- og verkfallsrétti með slíkri lagasetningu. Félagið telji vafa leika á því að sá samninga- og verkfallsréttur njóti í reynd þeirrar stjórnarskrárverndar sem honum sé ætlað.

Hvað varðar niðurstöðu gerðardóms segir Ólafur hana hafa verið betri en búist hafi verið við. Hjúkrunarfræðingar hafi búið sig undir niðurstöðu á svipuðum nótum og samninganefnd ríkisins



„Úrskurðurinn held ég að sé eins góður og hann gat orðið miðað við aðstæður.“

Ólafur G. Skúlason, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

hafði boðið og búið var að hafna. „Það tilboð hljóðaði upp á 18,6 prósent að meðaltali, en þessi niðurstaða er upp á um 25 prósent hækkun að meðaltali á þessum fjórum árum,“ segir hann, en úrskurðurinn gildir til mars 2019, um þrjá mánuði fram yfir gildistíma samninga á almenna markaðnum. „Úrskurðurinn held ég að sé eins góður og hann gat orðið miðað við aðstæður,“ segir Ólafur.

olkr@frettabladid.is

OPIN NÁMSKEIÐ FYRIR LISTKENNARA

Listkennsludeild haustönn 2015 Leiklist fyrir kennara ungra barna

Tónlist fyrir kennara ungra barna – Bókagerð – Skapandi skrif í skólastofunni

Rödd, spuni, tjáning – Styrkumsóknir – Rytmaspuni og kroppaklapp

Verkefnastjórnun – Listkennsla nemenda með sérparfir – Skuggaleikhús

Námsefnisgerð – Listir og sjálfbærni

Nánari upplýsingar á lhi.is/namid/listkennsla/



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

REIKNADU DÆMIÐ!



Verð
1.999 kr
Verð áður
2.999 kr



Verð
159 kr
20 cm

Verð
199 kr
30 cm



Verð
99 kr
8 gr



Verð
159kr



Verð
29 kr

Verð
399 kr
Verð áður
599 kr



Verð
299 kr
10 stk í pakka



Verð
229 kr
2 stk í pakka



Verð
8.999 kr
Verð áður
16.999 kr



Verð
1.283 kr
Vasareiknir fyrir
framhaldsskóla



Verð
8.999 kr
Verð áður
19.760 kr



Verð
449 kr
stk
Verð áður
549 kr

Til í:
Rauðu
Bláu
Svörtu

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Verð og vildarverð gilda frá 18. ágúst til og með 21. ágúst. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.



Verðmæti útflutnings Íslands til Rússlands er um 24 milljarðar króna samanborið við 134 milljarða króna útflutning Litháens:

Aðgerðir Rússa bitna mest á landsframleiðslu í Litháen

Samkvæmt minnisblaði Evrópuþingsins er það metið sem svo að Litháen hafi orðið af 2,6 prósentum af landsframleiðslu sinni við viðskiptabann Rússa. Talið er að viðskiptabannið muni hafa áhrif á allt að 1,5 prósent af landsframleiðslu Íslands.

Á undanföllum dögum hafa margir aðilar í útgerð og stjórnárum fullt af viðskiptabann Rússlands gagnvart Íslandi komi Íslandi hlutfallslega verst allra þjóða sem standa að þvingunaraðgerðum gagnvart Rússlandi.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði í fréttum Stöðvar 2 á föstudaginn að Ísland verði hugs-

anlega af útflutningsverðmætum sem nema um 1 prósent til 1,5 prósent af landsframleiðslu. Þá er heildarútflutningur Íslendinga á Rússlandsmarkað um 5 prósent. Útflutningsverðmæti sjávarafurða og landbúnaðarvara nam um 24 milljörðum króna árið 2014.

Ef Ísland er borið saman við Litháen er ljóst að Litháen verður verr úti í þvingunum Evrópusambandsins ef tekið er tillit til landsframleiðslu. Samkvæmt minnisblaði Evrópuþingsins frá árinu 2014 er áætlað að Litháen komi verst allra út úr viðskiptabanni Rússa.

Verðmæti útflutnings Lithá-

ens til Rússlands var 2,6 prósent af landsframleiðslu árið 2013 og heildarútflutningsverðmæti um 3,7 prósent. Þá var heildarverðmæti útflutnings til Rússlands um 134 milljarðar króna.

Litháen er stærsti útflytjandi ávaxta og grænmetis til Rússlands en útflutningur á þeim vöruflokkum nam 649 milljónum evra árið 2013. Landbúnaðaráðuneyti Litháens hefur óskað eftir aðstoð frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins upp á 32 milljónir evra til að bæta fyrir tapið sem hefur hlotist af viðskiptabanninu.

ÚTFLUTNINGSHAGSMUNIR

ÍSLAND

Útflutningsverðmæti:
24 milljarðar króna

Aðalútflutningsvörur:
Sjávarafurðir

1-1,5%

5%




LITHÁEN

Útflutningsverðmæti:
134 milljarðar króna

Aðalútflutningsvörur:
Ávextir og grænmeti

2,6%

3,7%



■ Hluti af landsframleiðslu ■ Heildarútflutningur

- sfs

GRJÓNAGRAUTUR

alveg mátulegur



Nú einnig í litlum umbúðum – fullkominn skammtur fyrir einn

TILBÚINN TIL NEYSLU



GRUNNSKÓLAR REYKJAVÍKUR SKÓLASETNING HAUSTIÐ 2015

Grunnskólar Reykjavíkur verða settir mánudaginn 24. ágúst. Nánari upplýsingar um hvenær nemendur í 2. – 10. bekk eiga að mæta svo og 1. bekkingar eru á heimasíðum skólanna. Þar má einnig sjá hvenær almenn kennsla hefst og innkaupalista. Einnig er hægt að fá upplýsingar hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar í síma 411 1111, 411 7007 og á www.skolarogfristund.is. Á sömu vefslóð eru upplýsingar um frístundaheimili fyrir 6 - 9 ára börn, félagsmiðstöðvar fyrir 10 - 16 ára og skólahljómsveitir.



Reykjavíkurborg
Skóla - og frístundasvið

Loðnumarkaðurinn þurrkast næstum út

Formaður Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi segir að um 40 til 50 prósent lækking hljóttist af því að leita á aðra markaði og í bræðslu með fisk sem annars hefði farið til Rússlands. Um 80 prósent af frosinni loðnu fóru á Rússlandsmarkað.

„Okkar mat er það að ef við komum öllum makrílnum inn á verðlægra markaði og loðnan fer í bræðslu, þá erum við að tala um svona 40 til 50 prósent lækking á afurðaverði,“ segir Jens Garðarson, formaður Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi.

Nú þegar viðskiptabann Rússa er skolið á er ljóst að útgerðarmenn og hið opinbera leita allra leiða til að koma fiskafurðum sem annars hefðu átt heima á Rússlandsmarkaði í verð. Ein leið til að koma frosinni vöru í verð er að bræða afurðina í mjöl eða lýsi og selja á aðra markaði.

„Þetta snýr sérstaklega að loðnunni,“ segir Jens. „Áttatíu prósent af loðnunni eru á Rússlandsmarkaði og það er eiginlega enginn annar markaður fyrir frosna loðnu. Þar af leiðandi munum við líklega frysta hrognin þegar þau eru í hæsta gæðaflokki og þau fara þá á Japansmarkað. Og svo munum við frysta loðnuna þegar hún er hæf á Japansmarkað. Restin fer svo í fiskimjöl og lýsi sem er þá svona 40 til 50 prósent lækking á afurðaverði.“

Í frétt á vef HB Granda kemur fram að hlutdeild fyrirtækisins á Rússlandsmarkaði er um 17 prósent og því miklar tekjur í húfi. Þar segir enn fremur að viðskiptabannið muni leiða til þess að frystar afurðir fyrirtækisins yrðu frekar bræddar í mjöl og lýsi.

Jens segir það afleitt ef útgerðin neyðist til að fara með aflann í bræðslu. „Að frysta til manneldis er alltaf fyrsti kostur greinarinn-



LOÐNA Reiknað er með um 40 til 50 prósent lækking á afurðaverði. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



JENS GARÐAR HELGASON

ar frekar en að fara með afurðina í mjöl og lýsi í fiskafóður.“

Sjávarútvegsráðherra breytti reglum um stjórnun makrílveiða í lok júní. Breytingin snýr að því hlutfalli

makríls sem nýta þarf til manneldis. Hingað til hafa reglugerðir kveðið á um að 70 prósent af makríl þurfi að vinna til manneldis en með breytingunum er kveðið á um 50 prósent. Afganginn má nýta í bræðslu til mjölframleiðslu. Samkvæmt upplýsingum úr atvinnuvegaráðuneytinu var breytingin ekki tilkomin vegna viðskiptabanns Rússa en gæti hugsanlega nýst sjávarútvegsfyrirtækjum þar sem

80% af frosinni loðnu fóru á Rússlandsmarkað.

mikil óvissa ríkir með sölu botnfisks á Rússlandsmarkað.

Settur hefur verið á laggirnar samráðshópur stjórnvalda og hagsmunaaðila á Rússlandsmarkaði vegna viðskiptabanns Rússa. Fyrsti fundur var haldinn í gær en fundinn sátu fulltrúar stjórnvalda og fulltrúar Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi. Í dag mun hópurinn funda með Landsambandi smábátaeigenda og Landsamtökum fiskeldisstöðva.

Jens segir fyrsta fundinn hafa verið til að stilla saman strengi, afla upplýsinga og meta skaðann sem viðskiptabannið hefur valdið.

stefanraf@frettabladid.is

Þingflokkar stjórnarflokka hafa enn ekki fundað um viðskiptabannið:

Málið enn á vettvangi stjórnar

Þingflokkar stjórnarflokka hafa enn ekki fundað um stöðu mála vegna viðskiptabanns Rússa.

Ljóst er á fréttaflokkunum undanfarna daga að nokkur áherslunum er í röðum stjórnarflokka vegna málsins.

„Þetta mál hlýtur að vera á vettvangi ríkisstjórnarinnar,“ segir Ragnheiður Ríkhardsdóttir þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins.

Hún segir að bæði Bjarni Benediktsson, formaður flokksins, og Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar, hafi lýst efasemdu um þvingunaraðgerðir Vesturlanda gegn Rússum.

„Við hljótum að þurfa að ræða þessa stöðu. En ég held að enginn í Sjálfstæðisflokknum sé andsnúinn því að fordæma aðgerðir Rússa gagnvart Úkraínu.“

Ragnheiður segir að þingflokkurinn haldi stóran fund í næstu viku. Hún gerir ráð fyrir að málið verði á dagskrá þá.

Þórunn Egilsdóttir, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, tekur í svipaðan streng.

„Við hittumst fljótlega,“ segir hún. „Menn eru náttúrulega að vinna í þessum

málum á fullu og það er samtal á milli manna. Við finnum örugglega niðurstöðu í þessu eins og öðru,“ segir hún aðspurð um þann áherslumun sem upp hefur komið á milli þingmanna stjórnarflokka.

- sfs

RAGNHEIÐUR RÍKHARÐSDÓTTIR



ÞÓRUNN EGILSDÓTTIR

ALLT

fyrir skólann á betra verði



Verð nú
7.999
fullt verð
16.899

Beckmann



Fagbókin
589kr



Merki-
fánar
99kr

Strokleður
15kr



Milliblöð
númeruð A-4
10 í pakka
89kr



Yfir-
strikunar-
pennar
349kr



Yddari með
margföldunar-
töflu
199kr



Límstifti
39kr



Blýantar
199kr



Tússpenni
199kr



Blý
129kr



Pennaveski
verð frá
399kr



Gildir til 19. ágúst á meðan birgðir endast.

Allt úrval fæst í Smáralind, Kringlunni og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum. Skólatöskur fást ekki á Eiðistorgi.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

SVONA ERUM VIÐ



23 tegundir hvala hafa sést á Íslandsmiðum

frá því að skráningar þeirra hófust hérlandis.

Allt var morandi í veggjalús í sumarbústað leigðum í gegnum KÍ:

Fengu veggjalús í sumarbústað

SAMFÉLAG Leikskólustjóri, sem varð fyrir skaða eftir að hafa lent í veggjalús í sumarbústað sem hún leigði í gegnum Kennarasambandið, segir að stéttarfélagið, sem hún hefur verið í í tugi ára, vilji ekki axla ábyrgð í málinu. Síðustu páska leigði Erla Stefánía Magnúsdóttir sumarbústað á Blönduósi ásamt dóttur sinni og tengdasyni. Unga parið fór norður sólarhring á undan henni en varð fljótlega vart við að ekki var allt með felldu í húsinu. Þar var allt

morandi í skordýrum sem reyndust vera veggjalús. Eftir að hafa kannað málið stuttlega ákváðu þau að fara strax úr bústaðnum þar sem þau skildu allt sitt eftir, föt og innkaupapoka fulla af mat. Þau komu aftur í bæinn á náttfötunum einum saman sem voru svo sett í svartan ruslapoka og þeim hent.

Erla setti sig strax í samband við meindýraeyði og Heilbrigðiseftirlit Norðurlands. Hún lagði út fyrir meindýraeyði vegna málsins auk þess sem dóttir hennar borgaði háan

læknis- og lyfjakostnað, þar sem bit voru enn að koma fram tíu dögum síðar. Erla segir svör Kennarasambandsins hafa verið á þá leið að tryggingar næðu ekki yfir slík atvik.

Erla hefur verið í Kennarasambandinu í fjöldamörg ár og meðal annars setið í stjórn orlofskjóðsins. Hún sagði sig úr stjórninni eftir þessa lífsreynslu.



EFTIR VEGGJALÚS Gestir í sumarbústaðnum voru illa bitnir eftir veggjalúsar.



GULLNA HLIÐIÐ Ekkert skortir á glæsileikann í og við Versali. NORDICPHOTOS/AFP

Vilja byggja hótél í þremur byggingum í Versölum: Leita tilboða í rekstur hótels

FRAKKLAND Tilboða er leitað í rekstur hótels til sextíu ára í þremur byggingum hallarinnar í Versölum í Frakklandi. Frá þessu greinir The Local. Byggingarnar þrjár, Grand Contrôle, Petit Contrôle og Pavillon, eru komnar á tíma varðandi viðhald en talið er að það kosti á bilinu 4-7 milljónir evra að gera þær upp. Höllin er í eigu franska ríkisins og lýkur útboðinu þann 14. september næstkomandi. Margir hafa sýnt útböðinu áhuga og er hótélkeðjan AccorHotels þar á lista.

Þúsundir íbúa hafa misst heimili sín

Eldar loga enn á hafnarsvæðinu í Tianjin, þar sem gríðarlegar sprengingar urðu meira en 100 manns að bana í síðustu viku. Íbúar efndu til mótmæla og krefjast skaðabóta. Natríumblásýrusalt hefur fundist í afrennslisvatni í borginni.

KÍNA Tala látinna eftir sprengingararnar í Tianjin á miðvikudag var í gær komin upp í 114. Sjötíu manns að auki var enn saknað og nærri 60 manns liggja alvarlega slasaðir á sjúkrahúsum.

Um það bil 17 þúsund íbúðir eyðilögðust í sprengingunum, með þeim afleiðingum að sex þúsund manns hið minnsta hafa misst heimili sitt.

Hópar fólks hafa komið saman í miðborginni til að krefjast skaðabóta. Fólkið vísar til þess að eldfim og stórhættuleg efni hafi verið geymd við höfnina með ólöglegum hætti, bæði í allt of miklu magni og allt of nálægt íbúðarhúsum.

Stjórnvöld hafa staðfest að 700 tonn af natríumblásýrusalti hafi verið geymd á hafnarsvæðinu, þar sem sprengingararnar urðu. Þetta er miklu meira magn en heimilt var að geyma þarna.

Efnið er baneitrað og gefur frá sér blásýru ef það brennur eða leysist upp í vatni.

Efnið hefur greinst í hættulegu magni í afrennslisvatni. Mælingarnar vekja ótta, en borgaryfirvöld sögðust í gær ætla að safna saman og eyða strax fyrir kvöldið öllu natríumblásýrusalti sem fundist á svæðinu í allt að þriggja kílómetra fjarlægð frá sprengistaðnum.

Borgaryfirvöld hafa verið harðlega gagnrýnd fyrir að hafa heimilað geymslu á þetta miklu magni af baneitruðu efni í næsta nágrenni við íbúðahverfi.

Aldrei þessu vant hafa stjórnvöld leyft gagnrýnisröddum að heyrast opinberlega. Að minnsta kosti upp að vissu marki.

Tianjin er fimmtán milljóna manna stórborg og hafnarsvæðið þar hefur mikið vægi í efnahagslífi landsins. Þangað koma til dæmis um 40 prósent af öllum þeim bifreiðum, sem fluttar eru inn til Kína.

gudsteinn@frettabladid.is



NÁÐU Í EIGUR SÍNAR Íbúar á hættusvæði í Tianjin hafa fengið að fara í fylgd með hermönnum heim til sín til að ná í eigur sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



HOLA Gríðarmikil hola myndaðist þar sem sprengingararnar urðu í vörugeymslu á hafnarsvæðinu í Tianjin á miðvikudag. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

→ Natríumblásýrusalt

Natríumblásýrusalt er eittrað duft, hvítt á lit og leysist upp í vatni. Mönnum er bráður bani búinn ef þeir anda þessu dufti að sér eða láta það ofan í sig. Ef það brennur eða leysist upp í vatni breytist það í blásýru. Það er notað í iðnaði og við námuvinnslu.

Fullvinnsla afurða vekur áhuga Grænlandinga og samstarf rætt við íslensk fyrirtæki:

Stefnt á samstarf á Grænlandi

SJÁVARÚTVEGUR Íslenski sjávarklasinn kynnti hugmyndir sínar um fullvinnslu sjávarafurða á fundi á Grænlandi nýlega. Á fundinum var rætt um hvernig mætti efla samstarf milli Grænlands og Íslands í sjávarútvegi.

„Það er áhugi fyrir því að stofna fyrirtæki um fullvinnslu eins og þurrkun, niðursuðu, vöruhönnun og fleira,“ segir Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Íslenska sjávarklasans.

„Við viljum sjá grænenskt og íslenskt athafnafólk, fólk úr

sjávarútvegi og vinnslu, hönnuði, fjárfesta og markaðsfólk stofna ný fyrirtæki á Grænlandi og hefja þróun og framleiðslu á vörum úr hafinu sem t.d. eru sérstaklega ætlaðar fyrir vaxandi hóp ferðamanna á Grænlandi eða fyrirtæki sem einbeita sér að fullvinnslu afurða sem nú fara að mestu til spillis. Tækifærin eru víða,“ segir Þór.

Á FUNDI Þór Sigfússon, frá Sjávarklasnum og Asii Chemnitz Narup, borgarstjóri í Nuuk.



Aðalfundur Klakka ehf. 26. ágúst 2015

Aðalfundur Klakka ehf. verður haldinn miðvikudaginn 26. ágúst 2015 að Ármúla 1, 3. hæð, 108 Reykjavík, og hefst fundurinn kl. 9:00.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2014.
2. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2014 ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar. Ákvörðun um greiðslu arðs og ráðstöfun hagnaðar hlútsins.
3. Tillaga um lækun hlutafjár félagsins um kr. 303.327.655 til jöfnunar á uppsöfnuðu tapi.
4. Tillaga um breytingu á samþykktum félagsins:
 - a. Stjórn félagsins leggur til að fjárhæð í a-lið 1. mgr. 13. gr. verði breytt til samræmis við núverandi hámarksfjárhæð breytanlegra lána samkvæmt nauðasamningi félagsins frá árinu 2010. Jafnframt verði hækkuð samsvarandi heimild stjórnar í 2. mgr. 13. gr. til útgáfu nýrra hluta í tengslum við umbreytingu slíkra breytanlegra lána í hlutafé.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning endurskoðunarfélags.
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
8. Tillaga stjórnar um að samþykkja starfskjarastefnu Klakka ehf.
9. Önnur mál.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Framboð til stjórnar félagsins skal berast skriflega til stjórnar eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund.

Fundargögn verða afhent á aðalfundardegi frá kl. 8:30 á fundarstað.

Reykjavík, 18. ágúst 2015.

Stjórn Klakka ehf.

Klakki ehf.
Ármúli 1
108 Reykjavík
Sími 550 8600
www.klakki.is

Fyrir þínar bestu stundir



Boogie hægindastóll

Slitsterkt áklæði.
Margir litir.

Fullt verð: 54.900 kr.

43.900 kr.

MEIRA Á
dorma.is



ÁTTU VON Á
gestum?

River svefnsófi með tungu

Rúmfatageymsla í tungu. Grænt, blátt rautt og grátt,
slitsterkt áklæði. Hægri og vinstri tunga. Stærð: 140 x 195 cm.

Fullt verð: 159.900 kr.

Aðeins **129.900 kr.**

KLASSÍSK
hönnun



Boogie 3ja sæta sófi

Slitsterkt áklæði í mörgum litum.
Hægri og vinstri tunga. Stærð: 186 x 77 cm, H: 85 cm.

Fullt verð: 99.900 kr.


Aðeins **79.900 kr.**



Jackpot horntungusófi

Slitsterkt áklæði, grátt eða antrasite.
Hægri eða vinstri tunga.

Fullt verð: 159.900




Aðeins **129.900 kr.**



Jackpot tungusófi

Slitsterkt áklæði, grátt eða
antrasite. Hægri og vinstri tunga.

Fullt verð: 119.900



Aðeins **99.900 kr.**

Afgreiðslutími
Mánudaga til föstudaga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16
www.dorma.is

Holtagörðum
512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100

DORMA

Láttu drauminn rætast

Áfellsdómur

Gerðardómur hefur nú kveðið upp úrskurð sinn og ákvarðað kjör félagsmanna í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og aðildarfélögum BHM. Úrskurðarinn var beðið með nokkurri eftirvæntingu, enda til gerðardómsins skipað með lagasetningu á verkfallið sem hefur verið svo umdeild að ekki er loku fyrir það skotið að leitað verði til mannréttindadómstóls Evrópu um að kanna lög-mæti laganna.

Nú þegar úrskurðurinn liggur fyrir er ekki úr vegi að rifja aðeins upp hvers vegna hann yfirhöfuð var upp kveðinn. Verkföll hjúkrunarfræðinga og félaga BHM voru boðuð í kjölfarið á því að kjaradeilur sigldu í strand.

Sjaldan veldur einn þá tveir deila, segir máltækið, en það verður að segjast eins og er að samningsvilji ríkisins virtist ekki sérstaklega mikill þegar fyrir lá að kjarasamningar væru að losna, um það vitna kærur vegna formgalla við boðun verkfalls. Það virtist frekar

vera þannig að í lengstu lög væri dregið að semja við þær stéttir sem voru á leið í verkföll.

Eftir að í verkfall var komið var ljóst að mikið bar á milli deiluaðila, svo mikið að á stundum virtist sem viðræðurnar væru bara formsatriði áður en gripið væri til lagasetningar. Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra varð enda tíðrætt um ósann-gjarnar kröfur og að ekki kæmi til greina að verða við þeim. Í umræðum um lögin sem sett voru á verkföllin í júní sagði Bjarni: „Það samkomulag verður hins vegar að vera innan þess ramma sem okkur er settur almennt af öðrum samningum sem ríkið er að gera og getur gert og samið er um á almennum markaði og að öðru leyti væri hægt að horfa til þess hvaða áherslur stjórnvöld geta komið með inn í þá málaflokka sem hér eru undir sérstaklega.“

Þarna var Bjarni enn bjartsýnn á að samkomulag næðist, enda þyrftu hjúkrunarfræðingar og aðildarfélagar BHM ekki annað en að sætta sig við þær hækkningar sem orðið hefðu í samningum á almennum markaði.

Tilboð ríkisins sem hjúkrunarfræðingar höfnuðu hljóðaði upp á 19% hækkun launa. Hjúkrunarfræðingar sögðu það ekki nóg og því fór sem fór; Alþingi samþykkti frumvarp ríkisstjórnarinnar um verkföll.

Gerðardómur hefur nú talað og úrskurður hans kveður á um 25% hækkun launa hjúkrunarfræðinga. Hjúkrunarfræðingar eru tiltölulega sáttir og formaður þeirra talar um eins góðan úrskurð og hægt hefði verið að vonast til miðað við aðstæður.

Sex prósentustig skilja að síðasta tilboð ríkisins og úrskurð gerðardóms. Varla er hægt annað en að velja því fyrir sér hvað hefði gerst ef fjármálaráðherra, Bjarni Benediktsson, hefði boðið þessi sex aukaprósent. Hefði starfsemi Landspítalans ekki öll gengið úr skorðum? Hefðu hundruð uppsagna ekki litið dagsins ljós? Hefðu nýmargar fjölskyldur ekki tekið sig til og flutt búferlum til Noregs í leit að betri launum?

Þessum spurningum verður seint svarað, en það er þó morgunljóst að úrskurður gerðardóms er langt fyrir ofan þær almennu hækkningar á vinnumarkaðnum sem Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra taldi enn að gætu verið viðmið við samningagerðina, í miðjum umræðum um lög á verkföllin. Gerðardómurinn er því áfellsdómur yfir fjármálaráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg Stefánía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrun Þórsdóttir hrun@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

heimkaup.is

Innkaupalistar grunnskólanna eru komnir!

Farðu inn á Heimkaup.is og smelltu á "skólalistar"

- 1 Veldu svæði
- 2 Veldu skóla
- 3 Veldu bekk

SENDU

Sendum frítt samdægurs! Ef pantað er fyrir 4.000 kr. eða meira

HEIMKAUP

FRÁ DEGI TIL DAGS

Utánríkisstefnan felldi stjórnir

Hér áður fyrr var það gjarnan utánríkisstefna sem einkenndi meginstefnu flokkanna. Sjálfstæðisflokkurinn var iðulega helsti talsmaður vestrænnar samvinnu á meðan aðrir flokkar settu aðra utánríkisstefnu á oddinn. Utánríkisstefna var svo sterkur þáttur í íslenskum stjórnáttum að dæmi eru um að hún hafi orðið ríkisstjórn um falli. Það kann þó að vera að utánríkisstefna Íslands hafi á árunum eftir kalda stríðið dvínað



Gömlu línurnar horfnar

Í fyrsta sinn í langan tíma ristir djúpt í öryggis- og varnarmálum. Með viðskiptabanni Rússa er kominn nýr tónn í umræðuna. Þegar á hólminn er komið er ljóst að gömlu átakalínurnar eru ekki lengur til staðar. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins virðast ekki jafn einhuga um vestræna samstöðu og áður. Þrjú þingmenn flokksins, þau Brynjar Níelsson, Ásmundur Friðriksson og Valgerður Gunnarsdóttir, hafa lýst sig andsnúin



Munnsöfnuður valdsins

Vigdís Hauksdóttir tók djúpt í árinna um helgina og kallaði Láru Hönnu Einarsdóttur, pistlahöfund, viðrini á Facebook-síðu sinni vegna pistils sem Lára skrifaði fyrir tveimur árum. Vigdís varði afstöðu sína í Reykjavík síðdegis í gær en hún sagðist vilja taka hressilega til orða vegna pistils Láru. „Það er hreint dæmalaust hvað fólk er farið að leyfa sér að skrifa í nafni þess að það sé samfélagsrýnar. Maður verður bara þreyttur á þessu,“ sagði hún. Skiljanlega þreytast stjórnáttamenn yfir því að margoft sé gerð atreið að þeim. En þeir eiga þó vitaskuld að vera yfir formælningar spjallborða hafnir. Almennigur má ekki eiga von á því að verða fórnarlömb óvægens munnsafnaðar úr ædstu embættum. stefnan@frettabladid.is

HALLDÓR



Þak á leiguverð – alls ekki

HÚSNÆÐISMÁL



Guðmundur Edgarsson málmenntafræðingur

Dótt mörgum þyki sem í óefni sé komið á húsnæðismarkaði á höfuðborgarsvæðinu eru þeir fáir sem átta sig á að ástandið má að miklu leyti rekja til óæskilegra ríkisingngripa í árána rás og heimatilbúins lóðaskorts í höfuðborginni frekar en til markaðslögmála og gráðugra kapítalista. Hugmyndin um þak á leiguverð er því miður enn eitt dæmið um slík pólitísk afskipti og ber að hafna af tveimur meginástæðum.

Síðgæðisrökin

Fyrri ástæðan snýr að síðferðissjónarmiðum því vart getur það talist eðlilegt, að hið opinbera grípi fram fyrir hendurnar á fullveðja einstaklingum í frjálsum viðskiptum og knýi leigusala til að leigja íbúð sína vel undir markaðsverði. Hvað leigusala og leigjanda semst um kemur vitaskuld engum öðrum við, a.m.k. ekki þannig að réttlæti ofbeldi ríkisvalds. Hér væri því um afar vafasama lögbýngunaradgerð að ræða frá sjónarhóli almenns síðgæðis og mannréttinda.

Hagfræðirökin

Hin ástæðan lýtur að hagfræði. Að beygja verð undir vilja markaðarinn mun hafa í för með sér skekkju, sem með tímanum mun valda enn alvarlegri húsnæðis-skorti en áður. Ástæðurnar eru m.a. þær,

→ Hvað leigusala og leigjanda semst um kemur vitaskuld engum öðrum við, a.m.k. ekki þannig að réttlæti ofbeldi ríkisvalds.

að eignum er síður viðhaldið, minna er byggt, húsnæði sjaldnar gert upp, fólk dvelst of lengi í óþarflega stóru húsnæði, og ungt fólk, sem að öðrum kosti byggir lengur hjá foreldrum, flyst fyrir í húsnæði sem fjölskyldufólk hefði brýnni þörf fyrir. Því er hætt við, að lögskipað þak á leiguverð geri ekki einungis vanda þeirra, sem mest þurfa á sómasamlegu húsnæði að halda, stærri en áður, heldur því sem næst óbærilegan.

Losum um markaðinn

Til að kljást við húsnæðisvandann á höfuðborgarsvæðinu þarf að leita lausna sem byggja á lögmálum markaðarinnar. Þannig þyrfti að auka framboð lóða og nýbygginga í samræmi við aukna eftirspurn, draga úr íþyngjandi byggingarreglugerðum, afnema allar verðbólguhvetjandi niðurgreiðslur ríkisins á húsnæðismarkaði eins og vaxta- og húsa-leigubætur og lækka fasteignagjöld og skatta á leigutekjur til muna. Væri þetta gert, kæmist á jafnvægi á húsnæðismarkaði mun fyrir en ella.

Snýst ekki um ölmusu

Ég tek ofan fyrir Björgvin Guðmundssyni, fyrrverandi borgarfulltrúa og starfsmanni í utanríkisþjónustunni. Björgvin er kominn á níræðisaldur en lætur ekki deigan síga, þegar kemur að málefnum eldri borgara. Skrifar grein eftir grein í Fréttablaðið um kjör og hagsmuni fullorðinna og vekur athygli á þeirri staðreynd að hlutur hins opinbera og framlag ríkisins hafa dregist aftur úr öðrum kjarabótum á árunum eftir hrun. Björgvin heldur því fram að þær upphæðir skipti milljörðum króna. Ekki bara vegna launahækkana á vinnumarkaðnum, heldur áhrifa hrunsins á fjárhagsstöðu aldradra, þar sem lífeyrir var skertur og hefur ekki verið bættur síðan. Sem skyldi.

LÍFEYRISMÁL



Ellert B. Schram
ellilífeyrisþegi

→ Út um víðan völl samfélagsins er að finna eldra fólk, sem lifir við skort og fátækt.

skora ég á fjármálaráðuneytið og ríkisstjórnina að skjóta saman nefnd beggja aðila (ríkisins og FEB) sem reikni það skilmerkilega og heiðarlega út, hvort eða hvernig kjör eldri borgara hafa þróast frá hruni. Heiðarleg úttekt á stöðunni eins og hún er.

Ég skora líka á einstaklinga úr hópi fólks sem er komið á lífeyrisaldur að láta í sér heyra og taka undir þær kröfur, sem Björgvin hefur í eins manns hljóði borið fram af kjarki og rökum. Út um víðan völl samfélagsins er að finna eldra fólk, sem lifir við skort og fátækt. Auðvitað eru líka margir sem hafa komið ár sinni vel fyrir borð enda snýst þessi umræða ekki um hækkunir á lífeyri á alla línuna, heldur er hér um að ræða velferð, lífsskilyrði og mannúð gagnvart öldruðum einstaklingum, sem eiga varla til hnífs og skeiðar. Stjórnvöld hrósa sér fyrir bætta hag landsmanna og víst er það rétt að okkur hefur tekist að rétta úr kútnum og fjárhagsstaða hins opinbera fer batnandi. Ætti þá ekki að vera metnaður og vilji til að rétta því fólki hjálparhönd, sem þarf mest á því að halda? Þetta snýst ekki um ölmusu heldur um sóma og réttlæti.

Fyrr í sumar var gengið frá launamálum langflestra vinnandi manna og kvenna með hækkunum á grunnlaunum. Lífeyrisgreiðslur til eldri borgara standa hins vegar í stað og svörin frá ráðamönnum eru þau, að hendur þeirra séu bundnar við afgreiðslu fjárlaga, og ekkert sé hægt að gera fyrr en um næstu áramót, þegar fjárlög næsta árs liggja fyrir. Gefið er út að lífeyrir Almannatrygginga hækki þá um 8,9% (með vísan til neysluvísitölu) sem er auðvitað langt undir þeim launahækkunum, sem vinnumarkaðurinn hefur samið um.

Ef einhver ágreiningur er varðandi málflutning Björgvins Guðmundssonar, sem talar í nafni Félags eldri borgara, þá

Árvissar deilur um laun bæjarstjóra

Í Hafnarfirði starfar nú í fyrsta skipti í langan tíma faglega ráðinn bæjarstjóri. Ráðning hans byggir á því mati okkar, sem nú förum með ábyrgð, að fagleg framkvæmdastjórn í æðsta embætti þriðja stærsta sveitarfélags Íslands sé löngu tímabær ráðstöfun. Ekki síst eftir kjörtímabili þar sem þrjár einstaklingar vermdu bæjarstjórnastólinn á fjórum árum á grunni gamaldags pólitískra hrossakaupa.

BÆJARSTJÓRN-ARMÁL



Guðlaug Kristjánsdóttir
forseti bæjarstjórnar í Hafnarfirði

Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði, lýsir í bók sinni „Hin mörgu andlit lýðræðis“ að íbúar telji að þar sem sé pólitískur bæjarstjóri komist ólík sjónarmið síður að í umræðunni. Einnig telji þeir að fyrirgreiðsla, kunningskapur og frændsemi séu umfangsmeiri en í þeim sveitarfélögum þar sem er ópólitískur bæjarstjóri.

Ráðning bæjarstjóra út fyrir raðir framboðslista, á grunni opin auglýsingaferlis, hlýtur því að teljast ábyrgt skref í rétta átt.

Laun bæjarstjóra í fullu starfi

Minnihluti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur tekið þá sérkennilegu afstöðu, sem sett var fram í fjölmiðlum um liðna helgi annað árið í röð, að faglega ráðinn bæjarstjóri skuli þiggja lægri heildarlaun en væri hann oddviti stjórnmálaflokks. Í júlí í fyrra taldi minnihlutinn eðlilegan launamun á þessum tveimur ráðningarformum nema 31,5%, en þetta árið er framsett tala 27,7%.

Til grundvallar gagnrýni minnihlutans liggur sú afstaða að ekki skuli greiða faglega ráðnum bæjarstjóra fyrir störf með bæjarráði og bæjarstjórn. Minnihlutinn í bæjar-

stjórn virðist vilja að þau u.þ.b. 30% heildarlauna síðasta bæjarstjóra sem tengd voru við ráð og nefndir falli brott og að fagmaður ráðinn á grundvelli þekkingar og reynslu sinni þeim störfum án greiðslu.

Ekki skal ég dæma um hvort þetta byggir á því að fyrri bæjarstjórar hafi sinnt 130% starfi, eða að faglega ráðin staða sé 70%, ég læt málshjendur um þá túlkun.

Sé hins vegar litið á kjör bæjarstjóra sem heildarlaun, að starfið sé jafn umfangsmikið á þessu kjörtímabili og þeim fyrri, er rétt mat á breytingu heildarlauna 15% á þeim samburðartíma sem minnihlutinn hefur valið, fyrri helmingi árána 2014 og 2015. Séu hins vegar endanleg heildarlaun fyrri bæjarstjóra borin saman við heildarlaun þess sem nú starfar, er munurinn milli þeirra launaseðla 12,2%.

Jafnframt má geta þess að afturvirk breyting varð á launum æðstu stjórnenda Hafnarfjarðarbæjar á síðasta ári, með gildistöku frá maí 2014. Sú breyting byggði á nýgerðum kjarasamningum stéttarfélaganna og losaði 6%. Ákvörðun um þetta var tekin eftir að nýr bæjarstjóri kom til starfa, en var þó ekki lútin gilda um launakjör hans eins og þau voru ákvörðuð við ráðningu. Hækkunin náði hins vegar til launa – og þar með biðlauna – fráfarandi bæjarstjóra og jafnframt annarra kjörinna fulltrúa.

Á síðasta kjörtímabili fluttist embætti bæjarstjóra milli þriggja einstaklinga. Eftir afsögn bæjarstjóra Samfylkingar sem hugðist sitja áfram eftir kosningar þrátt fyrir að ná ekki kjöri til bæjar-

stjórnar, tók við oddviti flokksins og kláraði fyrri helming kjörtímabilsins. Þá urðu helmingaskipti og við tók sá bæjarfulltrúi sem hlotið hafði minnstan stuðning íbúa í lýðræðislegum kosningum, oddviti og eini bæjarfulltrúi VG.

Hvorugur seinni bæjarstjórnanna tveggja bjó að fyrri reynslu í embætti. Það tekur tíma að setja sig inn í störf og má því segja að kjörtímabili hafi verið starfsþjálfun tveggja bæjarstjóra sem í dag eru horfnir til annarra starfa. Hvort fjármunum bæjarbúa hafi verið vel var í það verkefni skal hér ósagt látið.

Öll laun hækkuð nema bæjarstjóra

Meðal snúinna verkefna sem sveitarfélögin um land allt glíma við um þessar mundir er að mæta umtalsvert auknum launakostnaði í kjölfar kjarasamninga ársins 2014. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar lítur almennt á þann aukna kostnað sem jákvæða fjárfestingu í mannaúti, þrátt fyrir að talsverða útsjónarsemi þurfi til að finna fjármagn til að mæta henni.

Í hálfársuppgjöri bæjarins sem birt var í síðustu viku kemur fram að leiðréttingar vegna kjarasamninga síðasta árs standa enn yfir. Hvað Hafnarfjörð varðar hljóðar breyting á starfsmatskerfi stórs hluta starfsmanna upp á 200 milljónir. Þar er um varanlega launabreytingu að ræða, sem að hluta til er afturvirk.

Hvað sem fólki kann að finnast um launakjör framkvæmdastjóra Hafnarfjarðarkaupstaðar, er raunveruleikinn sá að frá vori 2014 hafa allir starfsmenn bæjarins, kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn fengið launahækkun af einhverju tagi, nema bæjarstjórnin, sem hefur haft óbreytt föst laun frá fyrsta degi.

Pakkaður tilboðsbíll



Volkswagen Transporter á tilboði

Nú býðst Volkswagen Transporter, hlaðinn búnaði, á einstöku tilboðsverði. VW Transporter hefur fylgt kynslóðum af fólki sem hefur þurft traustan og áreiðanlegan vinnuþjark sem leysir krefjandi og fjölbreytt verkefni. Volkswagen Transporter er framhjóladrifinn með fullkominni stöðugleikastýringu og spólvörn. Tilboðsbíllinn kemur meðal annars með fullklæddu flutningsrými, þráðlausu símkerfi, olíumiðstöð og tengi fyrir Mp3 spilara.

Búnaður í tilboðsbíl

- Rennihurðir á báðum hliðum
- 16" stálfelgur og heilkoppar
- Lokað skilrúm með glugga
- ABS / EBV
- ESP stöðugleikastýring og spólvörn
- Hæðarstillanlegt öikumannssæti með 2 armpúðum
- Bekkur fyrir 2 farþega
- Loftpúðar fyrir öikumann og farþega
- Útvarp með geislaspilara
- Tenging fyrir MP3 spilara
- Klukka
- Fullkomin aksturstölva
- Glasahaldari
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Rafstýrðir upphitaðir hliðarspeglar
- Hæðarstillanlegt öryggisbelti
- Velti- og aðdráttarstýri
- Klæðning í hliðum
- Webasto olíumiðstöð
- Krossviðsplata á gólfi
- Fullkomið þráðlaust símkerfi

Transporter tilboðsbíll kostar aðeins frá **4.270.000 m/vsk** (3.443.548 kr. án vsk)



Samfélag eða Excel-skjal

Þrátt fyrir að mikið hafi áunnist í rekstri Hafnarfjarðarbæjar eftir efna-hagshrun er mikilvægt að tryggja áframhaldandi aðhald og alltaf er svigrúm til að gera betur. Um það held ég að allir geti verið sam-mála og fulltrúar allra flokka í bæjarstjórn séu meðvitaðir um. Okkur greinir aftur á móti á um forgangsröðun, aðferðir og leiðir. Stjórnunaraðferðir nýs bæjarstjóra og framkoma núverandi meirihluta gagnvart starfsfólki bæjarins er meðal þess sem við í minnihlutunum getum ekki sætt okkur við eða tekið þátt í.

28% launahækkun bæjarstjóra
Á sama tíma og gengið er fram af mikilli hörku gagnvart starfsfólki og allar mögulegar leiðir farnar í þeim tilgangi að skerða starfskjör þess hefur launakostnaður vegna embættis bæjarstjóra hækkað um tæplega 28% á milli ára, eða sem nemur um fimm milljónum króna á ársgrundvelli. Það er meira en margt af starfsfólki Hafnarfjarðarbæjar hefur í árslau, fyrir störf sem eru svo sannarlega ekkert síður merkileg eða mikilvæg.

Bifreiðahlunnindi bæjarstjórans hafa reyndar hækkað enn meira en launin eða um 86% á einu ári. Það eitt og sér er næg ástæða til að krefja meirihluta bæjarstjórnar skýringa.

Hroki og virðingarleysi

Okkar upplifun er sú að innleidd hafi verið stefna og aðferðafræði í mannauðsmálum sem einkennist af hroka og virðingarleysi gagnvart þeim sem eiga að sinna þjónustu við bæjarbúa.

SVEITAR-STJÓRNARMÁL



Gunnar Axel Axelsson
bæjarfulltrúi og
oddviti Samfylkingarinnar í Hafnarfirði

Í því samhengi er ástæða til að benda á að flestir þeirra starfsmanna sem hafa misst vinnuna eiga langan og farsælan starfsferil að baki í þjónustu við bæjarbúa. Meðalstarfsaldur þeirra er 16 ár og stór hluti á aðeins nokkur ár í áætluð starfslok.

Auk þess virðist fullkomlega óljóst hvort hluti á aðeins nokkur muni skila raunverulegum sparnaði þegar upp er staðið en kostnaðurinn við upp-

sagnirnar og samninga þeim tengda hleypur á tugum milljóna króna. Nú þegar hafa líka verið auglýstar nokkrar nýjar stöður lausar til umsóknar sem væntanlega mun hafa einhver útgjöld í för með sér. Það er heldur ekki ósennilegt að hluti þess starfsfólks sem hefur verið sagt upp leiti réttar síns hjá dómstólum og því verður ekki spurt fyrr en að leikslokum um endanlegan kostnað bæjarins.

Nóg komið

Meirihluti bæjarstjórnar getur ekki skammtað einum manni

tugprósenta launahækkun á sama tíma og það er verið að svipta fólk atvinnu og krefjast þess af öðru starfsfólki að það taki á sig launalækkunir. Í hugum flestra segir þetta sig sjálft og því óskiljanlegt að meirihluti Bjartrar framtíðar og Sjálfstæðisflokks skuli ekki sjá að þetta gengur ekki upp. Hafnarfjörður er nefnilega samfélag en ekki Excel-skjal og starfsfólk bæjarins er manneskjur en ekki tölur á blaði.

→ Á sama tíma og gengið er fram af mikilli hörku gagnvart starfsfólki og allar mögulegar leiðir farnar í þeim tilgangi að skerða starfskjör þess hefur launakostnaður vegna embættis bæjarstjóra hækkað um tæplega 28% á milli ára, eða sem nemur um fimm milljónum króna á ársgrundvelli.

SIEMENS

Yfirburðir: Zeolith®-þurrkun skýtur Siemens enn og aftur í fyrsta sæti!

www.sminor.is

Í nýjustu úttektum sænska neytendablaðsins **Råd & Rön** (apríl 2015) og danska neytendablaðsins **Tænk** (apríl 2015) á uppþvottavélum frá ýmsum framleiðendum hlaut Siemens uppþvottavélin SN 45M209SK hæstu einkunn. Með næsthæstu einkunn í úttekt Tænk er Siemens uppþvottavélin SN478S01TS. Þetta staðfestir yfirburði Siemens uppþvottavéla. Vélarinnar fá topp-einkunn, eins og fyrri sigurvegarar Siemens, fyrir þurrkhæfni, þökk sé einstakri **Zeolith®-þurrkun**, sem skilar sérlega þurru og glitrandi hreinu leirtaui.

Råd & Rön
HÆSTA EINKUNN

April 2015



Zeolith®-þurrkun byggist á að láta hið náttúrulega steinefni seólit söga í sig raka og gefa frá sér hita.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Sjá nánar um úttektir neytendablaðanna á heimasíðu okkar.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 9-17.




Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

Drottinn er nálægur öllum sem ákalla hann, öllum sem ákalla hann í einlægni. Hann uppfyllir óskir þeirra sem óttast hann og hróp þeirra heyrir hann og hjálpar þeim...

www.versdagsins.is

Nýr áfangastaður 2016

ABERDEEN



Kastalar. Viskí. Granít. Blóm. Þessi ólíklega samsetning er eitthvað að hlakka til þegar Aberdeen er heimsótt með beinu flugi í samstarfi við Flugfélag Íslands. Borgin, sem gjarnan er nefnd Blóm Skotlands eða Granítborgin, er áhugaverður áfangastaður fyrir alla sem vilja kynna Skotlandi og sökkva sér í söguna eða lífsins veigar í góðum félagsskap, sem er eflaust enn skemmtilegra í þvottækta skotapíls. Aberdeen er fyrir alla.



+ Bókaðu núna á icelandair.is

[Twitter](#) [Facebook](#) [Instagram](#) [YouTube](#) Vertu með okkur

ICELANDAIR 

MERKISATBURÐIR

1906 Sambandsflokkurinn er stofnaður í Færeyjum.

1945 Svavar Guðnason listmálari sýnir verk sín í Listamannaskálanum og er þetta fyrsta sýning á Íslandi þar sem öll verkin eru abstrakt.

1954 Minnismerki um Skúla Magnússon landfógeta er afhjúpað í gamla kirkjugarðinum við Aðalstræti í Reykjavík. Guðmundur Einarsson frá Miðdal er höfundur verksins, sem Verslunarmannafélag Reykjavíkur gaf.

1957 Á frjálsíþróttamóti í Reykjavík eru sett tvö Íslandsmet, sem bæði stóðu lengi. Hilmar Þorbjörnsson hleypur 100 metra á 10,3 sekúndum og Pétur Rögnvaldsson hleypur 110 metra grindahlaup á 14,6 sekúndum.



1961 Grasagarður Reykjavíkur er formlega opnaður.

1962 Nýtt dagblað, Mynd, dagblað, óháð, ofar flokkum, hefur göngu sína í Reykjavík. Það kemur út til 28. september sama ár.

1966 Tekin er fyrsta skóflustunga að myndlistarhúsi á Miklatúni. Það gerir Jóhannes S. Kjarval og er húsið síðar nefnt Kjarvalsstaðir honum til heiðurs.

1986 Haldið er upp á 200 ára kaupstaðarafmæli Reykjavíkur. Talið er að 70-80 þúsund manns hafi verið í miðbænum þegar mest er. Þar er í boði stærsta terta, sem sögur fara af á Íslandi, 200 metra löng. Íslenska ríkið gefur Reykjavíkurborg Viðeyjarstofu og Viðeyjarkirkju í afmælisgjöf. Flugeldasýning er rétt fyrir miðnættið.

1988 Endurbótum lýkur á Viðeyjarstofu og Viðeyjarkirkju.

1990 Listaverkið Sólfar eftir Jón Gunnar Árnason er afhjúpað við Sæbraut í Reykjavík.

1992 Maður grunaður um fíkniefnasölu er handtekinn í Mosfellsbæ og finnst 1,2 kílógrömm af kókaini í bíl hans. Í aðgerð lögreglunnar verður lögregluumaður fyrir mjög alvarlegu slysi.

2001 Leikhópurinn Vesturport er stofnaður með uppsetningu á leiritinu Diskópakk (Disco Pigs) eftir Enda Walsh á horni Vesturgötu og Norðurstígs í gamla Vesturbænum.

2003 Norðurlandasamningur um almannatryggingar er undirritaður.



GEFUR ÚT BÓK Séra Bolli Pétur Bollason nýtir reynslu sína í starfi og lífi við smíði bókarinnar sem kallast Kveikjur.

MYND/SVAVAR ALFRED JÓNSSON

Kveikjur sem innihalda ögrandi viðfangsefni

Bolli Pétur Bollason, sóknarprestur í Laufásprestakalli, sendir frá sér bók sem inniheldur fjörutíu frumsamdar kveikjur, frásagnir með dæmisagnablæ.

„Aðalkveikjan að þessari bók er fyrst og fremst löngun mín til þess að bjóða upp á stuttar textamyndir, siðferðis-sögur úr samtímanum, sem fela í sér spurningar og vangaveltur er hafa ekki verið mjög áberandi í umræðunni,“ segir séra Bolli Pétur Bollason, sóknarprestur í Laufásprestakalli.

Hann sendi frá sér bókina Kveikjur fyrir skömmu. Um er að ræða fjörutíu frumsamdar kveikjur, frásagnir með dæmisagnablæ. Þar má finna umfjöllun um fátækt, einelti, líf-færagejafir, fóstureyðingar, fordóma, ofbeldi, trúnaðarbrot, náungaábyrgð, sorg, einmanaleika, samtal kynslóða, andríkar hugmyndir, náttúruvernd, trú, von, kærleika, tímann og endalokin.

„Þessar stuttu sögur nefnast einu orði Kveikjur vegna þess að þeim er ætlað að kveikja frekari hugmyndir og umræður um siðferðisleg álitamál, þjóðfélagsmeið, lífsins tilgang, Guð. Kveikjurnar innihalda ögrandi viðfangsefni sem skilja eftir margvíslega þanka og því gott og mikilvægt að fullorðnir ræði þær við ungmenni,“ segir Bolli Pétur.

Kveikjurnar eru eins fjölbreyttar og þær eru margar en Bolli Pétur nýtir reynslu sína úr starfi sem úr leik við kveikjusmíðina. „Þetta er skáldskapur en reynsla mín kemur vissulega þarna fram í ýmsum myndum.“

Bolli Pétur var eitt ár að vinna bókina sem gefin er út af Bókauktgáfunni Hólum ehf. Ljósmynd eftir Völund Jónsson blaðaljósmyndara þrýðir hverja sögu og þar er um gott verkefni fyrir lesandann að ræða, þ.e. að tengja saman kveikju og mynd í huga sem í samræðu.

Í lok hverrar kveikju eru svo tvær spurningar sem geta komið hugflæði og samtali af stað, svokallaðir ísbrjótar. „Ég vil skapa umræðugrundvöll um kveikjurnar. Kennarar hafa m.a. sýnt bókinni áhuga og er vilji fyrir því að hún sé kennd og nýtt í lífsleiknifræðslu, ég hef trú á þessu efni í slíka fræðslu,“ segir Bolli.

„Það er ljóst að margar þessara kveikja eru krefjandi, innihalda viðkvæm efni, og svo eru þarna kveikjur sem strjúka jafnframt á vanga og vekja vonir, bjartsýni og trú. Þær kalla á samtal og ekki hvað síst við yngra fólk en bókinn höfðar engu að síður til allra aldurshópa, og ég legg áherslu á að þarna sé um kjörið efni fyrir unga og aldna til að ræða sín á milli,“ útskýrir hann.

Bolli hefur fengið jákvæð viðbrögð og umsagnir m.a. frá Gerði Kristnýju rithöfundu og Gunnlaugi A. Jónssyni guðfræðiprófessor og ýmsir aðrir segja bókina eiga fullt erindi og þjóna vel sínum tilgangi.

gunnarleo@frettabladid.is



+

Yndislegi sonur okkar og bróðir okkar,
ARON ANDRI HALL ARNARSSON
Porlaksgeisla 94,
Reykjavík,
lést á heimili sínu mánudaginn 10. ágúst.
Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju
fimmtudaginn 20. ágúst kl. 13.00.

Sigurros Guðbjörg Gísladóttir
Arnar Már Hall Guðmundsson
Arna Rós Hall Arnarsdóttir
Amilía Salka Hall Arnarsdóttir



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
EMILÍA JÓHANNA BALDVINSDÓTTIR
Vighólastíg 13,
Kópavogi,
andaðist á Landspítalanum 10. ágúst
síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey
að ósk hins látna.

Jón Baldvin Pálsson
Porsteinn Pálsson
Guðjón Heiðar Pálsson
Hlynur Guðjónsson
Kristín Sigurðardóttir
Guðrún Björk Emilsdóttir
Lulu Yee
barnabörn og barnabarnabörn.



+

Bróðir okkar, mágur og frændi,
GUNNAR SIGHVATSSON
Gunnfrændi,
Frostafold 32,
Reykjavík,
verður jarðsönginn frá Grafarvogskirkju
miðvikudaginn 19. ágúst kl. 13.00.

Sigrún Sighvatsdóttir
Ólöf Sighvatsdóttir
Gísli Sighvatsson
Ástrós Sighvatsdóttir
Jón Gústafsson
Porvaldur Bragason
Kristjana G. Jónsdóttir
og systkinabörn.



+

Minn ástkæri eiginmaður, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,
JÓN MAGNÚS JÓHANSSON
lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni,
laugardaginn 15. ágúst í faðmi
fjölskyldunnar. Útför verður auglýst síðar.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á
Minningarsjóð Sóltúns.

Erna Hallbera Ólafsdóttir
Kristín P. Magnúsdóttir
Elna T. L. Þorbjörnsdóttir
Sigurður Jón Jónsson
Börkur Gunnarsson
Sóley Ragnarsdóttir



+

Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,
ÓSKAR ÁRNI MAR
fv. framkvæmdastjóri,
Sóltúni 5, Reykjavík,
lést á Landspítalanum við Hringbraut
sunnudaginn 16. ágúst síðastliðinn.

Vilborg Guðrún Sigurðardóttir
Hlöðver Bergmundsson
Jóhanna S. Óskarsdóttir
Guðný R. Hólmgeirsdóttir
Sigurður Mar Óskarsson
barnabörn og barnabarnabörn.



+

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
JÓHANNA MARGRÉT HELGADÓTTIR
Hjallabraut 33, Hafnarfirði,
lést miðvikudaginn 29. júlí á
Landspítalanum. Útför hefur farið fram í
kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Ingigerður Hjaltadóttir
Einar Hjaltason
Vilhjálmur, Hafdís, Hugrún.
Róbert Downey
Helene H. Pedersen



+

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar,
fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,
ÓLAFUR HANNES HANNESSON
prentari,
Snælandi 4,
Reykjavík,
andaðist á heimili sínu 6. ágúst. Útförin fer
fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 20. ágúst.
Athöfnin hefst kl. 15.00.

Þorbjörg Valgeirsdóttir
Ólöf Kristín Ólafsdóttir
Ása Ólafsdóttir
Jóna Guðrún Ólafsdóttir
Garðar Hilmarsson
Ólafur Örn Ólafsson
Óttar Guðmundsson
Sigríður Benediktsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

SALTNEYSLA

Íslendingar neyta meira af salti en mælt er með - en margir vita ekki af því. Á vefsíðunni www.landlaeknir.is/skodadusaltid er að finna fjölmargar upplýsingar, staðreyndir og ráð sem tengjast salti og neyslu þess.



Enskuskóli Erlu Ara - Let's speak English

Enskunámskeið í Hafnarfirði fyrir byrjendur og lengra komna. Á hverri önn sækja um 200 nemendur enskunám í skólanum, langflest konur á aldrinum 35 ára og eldri.

- 10 getustig með áherslu á tal
- Öllu lesefni fylgja hljóðdiskar
- Styrkt af starfsmenntasjóðum

www.enskaforiralla.is

Skráning stendur yfir í síma 891 7576 og erlaara@gmail.com



Skipuleggjum einnig námsferðir til Englands fyrir hópa og einstaklinga



„Ég verð oft mjög þreytt og stíf í kálfum og lærum eftir tíma en næ því algjörlega úr mér með Sore No More.“

VERKJAGEL SEM VIRKAR STRAX

GENGUR VEL KYNNIR Sore No More, náttúrulegt hita- og kæligel, sem er fljótleg verkjastillandi meðferð við vöðvaeymslum, bólgum, harðsperrum og þreytu eftir stífar æfingar í ræktinni.

Eftir stífar æfingar í ræktinni, að ekki sé nú talað um Reykjavíkumaraþonhlaupið, finna mjög margir fyrir eymslum, bólgum, stírðleika og harðsperrum. „Til að lina verkina og koma í veg fyrir harðsperrur ásamt því að auka blóðflæði og náttúrulegan lækningamátt líkamans eru Sore No More hita- og kæligelin algjör sníld,“ segir Sigrún Kjartansdóttir hjá Gengur vel. „Samhliða starfi mínu hjá Gengur vel kenni ég ZUMBA-FITNESS í World Class. Auk þess kenni ég morguntíma um breyttan lífsstíl. Ég verð oft mjög þreytt og stíf í kálfum og lærum eftir tíma en næ því algjörlega úr mér með Sore No More.“

FRÁBÆRT FYRIR HLAUPARA

Sigrún hefur einnig mikla reynslu af hlaupum og hefur hlaupið nokkur heil- og hálfmaraþon. „Mjög margir eru að glíma við alls konar bólgur og eymsli hér og þar í líkamanum og mæli ég þá alltaf með Sore No More því það virkar strax. Það er náttúrulegt og án allra kemískra aukaefna og hentar því fólki á öllum aldri. Svo er frábært að nota það á gagnaugun við höfuðverk, á efri vörina við kvefi og á bringuna við hósta þegar haustflensurnar fara að hrella okkur,“ segir Sigrún.



NOTAÐ AF FRUMBYGGJUM

Í þúsundir ára hafa frumbyggjar Mexíkó notað plöntukjarna til þess að lina og lækna verki og þjáningar. Með þeirra þekkingu og nútímataekni tókst framleiðendum Sore No More að þróa blöndu sem hentar einstaklega vel til þess að lina líkamlega verki. Afurðin er Sore No More, náttúrulegt og fljótvirkt verkjastillandi gel sem er án alkóhóls, kemískra íblöndunarefna, rotvarnarefna og parabena.

NÁTTÚRULEGT GEL

Engin efni í Sore No More eru úr dýraríkinu og það er ekki prófað á dýrum. Fyrirtækið er með 30 ára reynslu í framleiðslu á fyrsta flokks vörum sem taka tillit til náttúrunnar og hámarka gæði.

Sigrún Kjartansdóttir ásamt Zumba-kennurum í World Class.

ÚTSÖLUSTAÐIR

Flest apótek, heilsubúðir og Fjarðarkaup.

FÆST Í ÖLLUM APÓTEKUM

www.sorefix.com

Magnesium Oil

Einfalt í notkun, engin magaónot!



Sigurjón Sigurbjörnsson er tæplega 60 ára ofurhlaupari sem notar magnésíumolíu í úðaformi frá fyrirtækinu BetterYou. Með henni losnar hann við vöðvakrampa og hefur bætt sig í hlaupinu.

Hefur mikla trú á Magnésíum Olíu

„Ég ætlaði ekki að trúa árangrinum. Í mínu fyrsta hlaupi eftir að ég byrjaði að nota magnésíum-úðann fékk ég enga vöðvakrampa, bætti tímann og jafnaði mig rosalega fljótt“

Inniheldur olíu úr kamfóru, sítrónu og svörtum pipar til að auka hreinsun í vöðvunum.



Magnesiumolían fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhúllum verslana.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** | Söluver: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429

LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

- Flest stéttarfélag styrkja nemendur til náms.
- Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

Helstu námsgreinar:

- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnáms, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

Umsögn:

S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálastólaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnuönguleika og spennandi tímar eru framundan.




Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Ferðamálastólaskóli Íslands

Opið 8-22

Ferðamálastólaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466



EKKI GOTT Allt skjáglápið sem nútímafólk stundar er slæmt fyrir augun og líkamann allan.

ÖPP FYRIR AUGUN

AUGNHEILSA Stanslaust gláp á tölvuskjái og snjallsíma gerir líkamanum ekki gott eins og fram hefur komið. Augun hafa ekki gott af glápinu heldur.

Eins mikið og við reynum að spyrna við fótum er það staðreynd að mörg okkar eru orðin þrælur skjásins. Starf margra felst í því að stara á tölvuskjáinn í fleiri tíma á dag auk þess sem flestir líta á skjá snjallsímans í tugi skipta á degi hverjum. Þörf okkar til þess að vera tengd við hinn stafræna heim hefur orðið til þess að farið er að greina fólk með „nomofóbíu“, sem er hræðsla við að vera án stafrænna raftækja.

AUGNVANDAMÁL ALGENG

Þetta mikla skjááhorf er slæmt fyrir líkamann og getur mögulega valdið varanlegum skaða. Samkvæmt bandarískum rannsóknum þjást sjö af hverjum tíu á aldrinum fimmtán til 35 ára af augnvandamálum sem talin eru tengjast notkun tölvu og snjallsíma. Þessi vandamál eru meðal annars augnþurrkur, höfuðverkur og óskýr sjón. Staran á skjáinn er þó ekki vandamálið í sjálfu sér. „Það að nota augun skaðar þau ekki,“ segir Lisa Park, augnlæknir við Langone-læknastöðina í New York. „En þegar við störmum á skjáinn þá blikkum við gjarnan síður sem veldur því að augun verða þurr og fólk klæjar í þau.“

Bláa ljósið frá tölvuskjám og snjallsímum er einnig áhyggjuefni. Birtan sendir skilaboð til heilans um að stöðva framleiðslu melatóníns, efnisins sem lætur okkur finna til syfju. Auk þess benda rannsóknir til þess að ljósið geti haft skaðleg áhrif á sjónhinnuna til lengri tíma.

Þar sem erfitt er fyrir margna að hætta að stara á skjáinn allan daginn fundu blaðamenn vefsíðunnar Greatist nokkur ókeypis öpp og forrit sem gott er að nota til að minnka líkur á að vandamálin sem skjáglápið veldur komi til.

F.LUX

Þeir sem geta ekki slitið sig frá Facebook áður en þeir fara að sofa þurfa appið f.lux. Það breytir birtustigi skjásins eftir því hvað klukkan er – birtan er skær á morgnana og með rauðgullinn blæ á kvöldin. f.lux er fyrir Mac, Windows, Linux, iPhone og iPad. Fyrir þá sem eru með Android-stýrikerfi er Twilight-appið sambærilegt.

EYECARE

Þessi viðbót við Chrome-vafrann er góð leið til að minna á 20-20-20 regluna. Forritið minnir þig á tuttugu mínútna fresti að horfa á eitthvað sem er í tuttugu feta fjarlægð í tuttugu sekúndur. Auk þess er hægt að sníða forritið þannig að það stingi upp á æfingum fyrir augun í hverri pásu. (Chrome)

TIME OUT

Fyrir þau okkar sem eru hlekkjuð við skrifborðið alla daga eru reglulegar pásur nauðsynlegar. Notið því Time Out. Appið gerir það að verkum að skjárin dofna og verður svartur í tíu mínútur á hverjum klukkutíma og í tíu sekúndur á hverjum tíu mínútum. Það er meira að segja hægt að láta appið spila róandi tónlist í pásunum. Vinnufiklar, hafið ekki áhyggjur, það er hægt að sleppa pásunum ef þið hafið ekki tíma fyrir þær. (Mac, iPhone, iPad)

ERGONOMICS

Svo þegar augun eru komin í gott stand má ekki gleyma restinni af líkamanum. Seta við skrifborð alla daga tekur sinn toll en Ergonomics getur hjálpað. Appið býður upp á teygjuæfingar sem hægt er að gera við skrifborðið og ráð um stillingar tölvubúnaðar. (iOS)

Útsölulok

Aðeins 5 verð:

900 kr.

1.900 kr.

2.900 kr.

3.900 kr.

4.900 kr.

Verslið flotta „konfektmola“ á frábæru verði

black pepper
FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516

Opið virka daga kl. 11–18 laugardaga kl. 11–15

Kíkið á myndir og verð á Facebook

FÉKKSTU EKKI BLAÐIÐ Í MORGUN? KOM ÞAÐ OF SEINT?

Vinsamlegast láttu vita í gjaldfrjálst númer **800 1177** eða á dreifing@postdreifing.is

Postdreifing

Hjálpaðu okkur að bæta þjónustuna.

Blaðið á að berast þér fyrir kl. 7:15 virka morgna og 8:15 á laugardögum

FRÉTTABLAÐIÐ

EINFALDAR OG GÓÐAR

Þessar smákökur eru bæði einfaldar og góðar. Gott er að grípa til þeirra þegar hungrið sverfur að en þær eru í hollari kantinum.

Eftir freistingar sumarfrísins huga nú margir að bættu mataræði. Oft er þó erfitt að halda sig við hollustuna og því nauðsynlegt að leyfa sér smá munað stundum. Þessar hafrakökur eru ótrúlega einfaldar enda innihalda þær aðeins fjögur hráefni. Þær eru auk þess í hollari kantinum þar sem enginn viðbættur sykur er í þeim, sætleikinn kemur úr bönunum og þurrkuðum ávöxtum. Notið þá ávexti sem ykkur þykja bestir, til dæmis er gott að nota rúsínur, bláber, kirsuber, apríkósur eða döðlur. Það sama á við um hneturnar, notið ykkar uppáhald og prófið ykkur áfram þar til þið finnið ykkar bestu blöndu.

HRÁEFNI

- 1 bolli haframjöl
- 1 banani
- ½ bolli þurrkaðir ávextir að eigin vali, saxaðir
- ½ bolli ósaltaðar hnetur að eigin vali

AÐFERÐ

Hitið ofninn í 180°C. Malið hafrana í matvinnsluvél þar til þeir eru orðnir eins og hveiti. Stappið banana með gaffli. Bætið höfrunum við og blandið vel. Bætið ávöxtum og hnetum við og blandið allt saman. Notið matskeið til að búa til fallegar kökur sem settar eru á bökunarplötu með bökunarpappír undir. Bakið í um það bil tíu mínútur.



marimekko

MINNA PARIKKA

NOKIAN
FOOTWEAR

aarikka

iittala



Marimekko
Moma kjöll
29.900,-



Marimekko
Kallio hálsmen
11.900,-

Marimekko
Laituri
eyrnalokkar
4.900,-



Marimekko
Popcorn regnjakki
36.900,-



Minna Parikka
Bunny Sneaks
39.980,-




FINNSKA BÚÐIN



Marimekko
Italia slæður
15.900,-



Lumi
leðurtaska
54.900,-



Marimekko
Toimi taska
32.900,-



Flow Cosmetics
Lífræn
piparmyntusápa
1.580,-



Nokian
Julia Lundsten
stígvél
19.900,-



Marimekko
sokkar
frá 1.990,-



Flow Cosmetics
Lífrænt
piparmyntufótakrem
3.740,-

Karhu Múmin
hlaupaskór
18.900,-



Karhu
hlaupaskór
15.900,-



FINNSKA BÚÐIN
- Kringlunni -
Biógangur, 3. hæð



Iittala
Mari skálar
frá 4.390,-
12 cm



Finlayson
Múmin
sængurverasett
fyrir börn
7.990,-



Finlayson
Múmin
handklæði
1.690,-
30x50cm



Marimekko
Tiia kjöll
18.900,-




Marimekko
bollar
2.990,-

Finlayson
Múmin pottaleppar
2.490,- / 2 stk



Marimekko
sængurverasett
16.900,-



Múmin
krúsir
3.500,-



Finlayson
Múmin
ofnhanski
2.890,-



Molla Mills
motta
24.900,-
80cm x 200cm
100 % bómull




Verið velkomin!

Kringlan, s. 787 7744
Laugavegur 27, s. 778 7744
info@finnskabudin.is
#finnskabudin


FINNSKA BÚÐIN
- Laugavegi 27 -

STÖÐ TIL AÐ VERA Í STUÐI MEÐ!




FMX
KLASSÍK FM 103,9

VIÐ SPILUM ÞAÐ SEM OKKUR SÝNIST
TÓNLIST FRÁ 1990 TIL DAGSINS Í DAG



SIÓNVARP



FMX.IS



ÚTVAPPID



ÚTVARPID

Allt það besta hjá 365



ENDALAUST TAL OG
10 GB Á 3.990 KR.*

Færðu farsímann yfir til 365 og fáðu frábært sjónvarpsefni á fáránlega góðu verði.

*Gildir fyrir áskrifendur í tilboðspökkum 365

Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is

365

EKKI LENGUR ÞREYTT

EKKI VERÐA ÚRVINDA Þreyta er viðvarandi ástand margra. Með ýmsum einföldum, og að sumra mati sjálfsgöðum, aðferðum er hægt að bæta svefn og lífstaktinn þannig að þreyta yfir hádaginn heyri brátt sögunni til.



MORGUNORKA Morgunmaturinn er bensínið fyrir daginn og ef þú nærð ekki að koma þér í gang á morgnana ertu alltaf einum takti á eftir.




HREYFINGARLEYSI Regluleg þjálfun styrkir líkamann og eykur súrefnisflæðið auk þess sem þú sefur betur eftir ræktina sem þýðir að þú er úthvildari daginn eftir.



SEGÐU NEI Stundum verður að draga mörk og segja sannleikann þegar fólk herjar á þig með þarfir sínar.



KOFFEIN Koffein er örvandi efni og margir hafa reynt á eigin skinni hversu skeinuhætt það getur verið góðum nætursvefni. Koffein hefur líka vatnslosandi áhrif og gæti því valdið því að þú ert alltaf að vakna.



JÁRN-SKORTUR Veldur þreytu. Hægt er að auka járninntöku með því einfaldlega að borða meira grænmeti.



OFÞORNUN Ef líkaminn er of þurr þarf hjartað að hafa meira fyrir því að vinna. Passaðu samt að drekka ekki of mikið, lítri eða svo er allveg nóg.



ÓREIÐA Ekki vanmeta hvað það er miklu erfiðara að vera til í drasli en þegar allt er röð og reglu.



SKJÁBJARMI Ekki taka tölvuna eða símann með í rúmið. Skjábirta örvar heilann svo þú gætir átt erfið með að sofna og svefninn gæti svo að sama skapi orðið órólegur.

NÆTURSOPI Áfengi slævir þig tímabundið en svo fer líkaminn á fullt við að losna við það og það getur þýtt að þú glöðvaknar á óheppilegum tímum.



ÓHOLL-USTA Líkaminn eyðir jafn mikilli og stundum meiri orku í að melta ruslfæði en gæðafæðu en ruslið gefur ekkert til baka.

HÁGÆÐA DANSKAR

ELDHÚSINNRETTINGAR



FJÖLBREYTT ÚRVAL AF HURÐUM, FRAMHLIÐUM, KLÆÐNINGUM OG EININGUM

ÞITT ER VALIÐ

Þú velur að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska – fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.



STYRKUR - ENDING - GÆÐI



VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG

Komdu með eða sendu okkur málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherberginu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki og vönduð raftæki á vægu verði.

Opið:

Mán. - fim. kl. 09-18

Föstud. kl. 09-17

Lokað á laugardögum í sumar



Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • fritform.is

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

TIL LEIGU AÐEINS Á AÐEINS 950 KR FM!

129 - 280 fm bil með allt að 10 m loft hæð, stórar innkeryrsluhurðir, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

www.lundurfasteignir.is

S. 690 3031 / 661 7000

Atvinnuhúsnæði

GÓÐ FJÁRFESTING

Til sölu eða leigu mjög góð 50 m² iðnaðarbil í Steinhellu 14, Hfn. Fjölbreyttir möguleikar. Verð frá: 9,9 m S: 661-6800

Geymsluhúsnæði

SUMARTILBOD GEYMSLULAUSNIR.IS

Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m². Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

ATVINNA

Atvinna í boði

DEVITOS PIZZA

Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu. Dagvinna og næturvinna. Um helgar.

Uppl. í s. 511 2244

BAKARÍ BREIÐHOLTI

Starfskraftur óskast í bakarí vinnutími 12-17 virka daga og aðra hverja helgi. Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára. Framtíðarstarf.

Uppl. sendist á :

sveinsbakari@sveinsbakari.is

GINGER

GINGER

Óskar eftir hressu fólki í hlutastörf frá 10:30 - 14:30 alla virka daga, einnig er í boði kvöld og helgarvinna.

Ef þú ert 18 ára eða eldri, reyklus og með góða íslensku kunnáttu og langar að vinna í skemmtilegu umhverfi sendu þá ferilskrá á brynja@ginger.is eða kíktu við í Ginger Síðumúla 17, milli kl. 14-16 virka daga.



MOSFELLSBAKARÍ - MOSFELLSBÆ.

Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar í Mosfellsbæ. Tvær vaktir eru í boði, frá 12:00 - 18:30 virka daga og aðra hverja helgi annann daginn frá kl. 07:00-16:30 eða frá 06:30 - 13:00 virka daga og einn dag aðra hverja helgi frá kl. 07:00-16:30. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgst á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/

NONNABITI -BÆJARLIND

Hressa og duglega starfskrafta vantar til starfa á Nonnabita, fullt starf/hlutastarf.

Upplýsingar í s. 699 1095 eða senda umsókn á elmar@nonnabiti.is



BÍLAVOTTASTÖÐIN LINDIN, BÆJARLIND 2.

Óskar eftir starfsmanni í fullt starf. Viðkomandi þarf að vera harðduglegur, stundvís, vandvirkur og með góða þjónustulund. Hreint sakavottorð, bílpróf og íslenskukunnátta eru skilyrði. Umsókn og ferilskrá sendist á robert@bilalindin.is



Pylsuhúsið Ingólfstorgi óskar eftir starfsfólki í eftirfarandi stöður. Dagvinnu alla virka daga frá 10-18. Kvöld, helgar og næturvaktir. Aldurstakmark 18 ár og Íslenskukunnátta er skilyrði. Umsóknir sendist á helgi@hollabatar.is eða á staðnum milli kl 10-18



Bæjarbakari í Hafnarfirði óskar eftir að ráða fólk í ýmis störf í afgreiðslu. Íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknir sendar á bakari@bakari.is Uppl. í s. 555 0480



Kaffihúsið Konsúll við Ingólfstorg óskar eftir starfsfólki í eftirfarandi stöður Dagvaktir frá 9-17 alla virka daga og kvöld og helgarvaktir. Vinsamlegast sendið umsóknir á kolbrunbergmanni@gmail.com

ÓLATUR ÓSKAST.

Bindir & stál ehf. óskar eftir að ráða röskan og samviskusaman starfsmann til fjölbreyttra starfa svo sem útkeyrslu, framleiðslu á íhlutum til mannvirkjagerðar, viðgerðum á smáverkfærum afgreiðslu á vörum til viðskiptavina ofl. Viðkomandi þarf ekki að vera lærdur á bossann en má vera það sé hann ósérhlífinn og óhræddur við að óhreinka sig við störf sín.

Stundvís, reglusemi og heilbrigð skynsemi er nauðsynleg í þessu starfi auk þess sem krafa er gerð um að viðkomandi hafi fullt vald á íslensku tungu. Einhver tölvukunnátta kemur sér vel en tölvufíkn illa. Framtíðarstarf fyrir réttan aðila fyrir laun í samræmi við verðmæti vinnuframlags.

Umsóknir sendist á bindir@bindir.is merkt Atvinnuumsókn ásamt upplýsingum um fyrri störf og umsagnaraðila fyrir 20. ágúst 2015. Ráðning verður sem fyrst og helst ekki síðar en 1. september 2015. Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning liggur fyrir.

TILKYNNINGAR

Einkamáll

Karismaður vill kynna karlmanni með verulega nánin (skyndi)kynni í huga. Rauða Torgið, 905-2000 eða 535-9920. augl.nr. 8249

Karismaður vill leika við karlmann. Rauða Torgið, 905-2000 eða 535-9920. augl.nr. 8423

Konur sem leita tilbreytingar eða skyndikynna auglýsa frítt á símatorgi Rauða Torgsins. Kynntu þér málið. RauðaTorgid.is.

Ábendingahappinn má finna á www.barnaheill.is



atvinna



ÍSLENSKIR ENDURSKOÐENDUR

Bókhaldstarf

Íslenskir endurskoðendur Bildshöfða slf. óska eftir að ráða starfsmann í bókhalds- og launavinnslur. Um er að ræða 100% starf. Reynsla af DK bókhaldskerfi er kostur, en ekki skilyrði.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist á netfangið starf@endurskodandi.is fyrir 25. ágúst nk.

VIFTUR

Þú færð hljóðlátu viftuna hjá Íshúsinu

Viftur-rör-tengi-hlífar



Hljóðlátar

10%

afsláttur af tengjum með kaupum á viftum

Allt á einum stað!

Íshúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur



viftur.is
-andaðu léttar

Ekki múkk!

Hljóðlátari en hvísl á bókasafni. Silenta rörarblásar.

Tilboð frá 29.990

Tilboð



Bjargvætturinn

Loftskiptiblasari fyrir loftlaus eða undirprýst rými. Barkar í boði.

Tilboð frá 34.990



Viftur

Úrval af iðnaðarviftum og blásurum á lager. Skoðaðu úrvalið.





Hraunbær 60
110 Reykjavík

OPIÐ HÚS Í DAG
Þriðjudaginn 18. ágúst kl. 17:15-17:45

Nánari upplýsingar veitir **Helgi Jónsson** sölufulltrúi
sími: 780 2700
helgi@miklaborg.is

Mjög falleg og vel skipulögð 112,2 fm 4ra herbergja endaíbúð á 2 hæð ásamt herbergi í jarðhæð með aðgangi að baðherbergi, upplagt í leigu.

Óskar R. Harðarson hdl. og löggiltur fasteignasali Verð: **29,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Lág múla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -



Vatnsstígur 19
Penthouse íbúð

OPIÐ HÚS
Þriðjudaginn 18. ágúst kl. 17:30-18:00



Nánari upplýsingar veitir **Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Glæsileg „penthouse“ íbúð að stærð 188,5 Þakherbergi með útgengi á pall Sjávarútsýni / Stæði í bílakjallara Vandað efnisval og glæsileg hönnun Lyftuhús / húsvörður / öryggismyndavélar

Verð: **110 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Lág múla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -



Rauðarárstígur 36

OPIÐ HÚS Í DAG
Þriðjudaginn 18. ágúst kl. 17:00-17:30

Nánari upplýsingar veitir **Páll Þórólfsson** sölufulltrúi
sími: 893 9929
pall@miklaborg.is

Fallega, mikið endurnýju og vel skipulögð 56,6 fermetra 3ja herbergja íbúð auk sér geymslu í risi Sameiginlegt þvottaherbergi er í risi hússins

Óskar R. Harðarson hdl. og löggiltur fasteignasali Verð: **22,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Lág múla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

GIMLI 570 4800
Árni Stefánsson Viðskiptafræðingur Sveinbjörn Halldórsson Löggiltur fasteignasali
Grensásvegi 13
Stofnuð 1982



OPIÐ HÚS

LINDARGATA 31 - FALLEG EIGN
OPIÐ HÚS Í DAG ÞRIÐJUDAG FRÁ KL. 17:00 - 17:30.
Vorum að fá glæsilega 4ra herb. 136 fm íbúð á efstu hæð (3) í fallegu lyftuhúsi við Lindargötu 31 ásamt stæði í bílageymslu. Eignin er einstaklega vönduð og vel skipulögð. Tvö rúmgóð svefnherbergi. Stór og björt stofa, borðstofa og sjónvarpsherbergi. Suðursvalir. Fallegar og vandaðar innréttingar í eldhúsi og baðherbergi. Verð **62,9 millj.**



OPIÐ HÚS

BORGARTÚN 30 - GLÆSI EIGN
OPIÐ HÚS Í DAG ÞRIÐJUDAG FRÁ KL. 17:30 - 18:00
Glæsileg 148 fm íbúð á 6. hæð (efstu) í lyftuhúsi miðsvæðis í Reykjavík ásamt stæði í bílageymslu. Gengið beint inn í íbúð úr lyftu. Tvö rúmgóð herbergi og stór og björt stofa, sólstofa, útg. á suðursvalir. Tvö flísalögð baðherbergi. Eldhús með glæsilegum innréttingum. Gegnheilt parket og náttúruflísar á gólfum. Verð **54,9 millj.**



OPIÐ HÚS

ESKIVELLIR 9A - 3 - 4RA HERBERGJA
OPIÐ HÚS Í DAG ÞRIÐJUDAG FRÁ KL. 17:30 - 18:00
Mjög góð 3-4ra herbergja íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi. Góð stofa með stórum vestursvölum. Falleg innrétting í eldhúsi. Tvö góð svefnherbergi og herbergi skráð sem geymsla með góðum gluggum. Flísalagt baðherbergi með hornbaðkari. Þvottahús innan íbúðar. Verð **27,9 millj.**

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINGSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

OPIÐ HÚS Í DAG
Lindargata 57. 2ja herb. útsýnisíbúð – 67 ára og eldri.
Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45



OPIÐ HÚS

48,1 fm eldri borgara íbúð á 6. hæð í góðu lyftuhúsi í þessu eftirsóttta fjöleignarhúsi. Íbúðin er norðanmegin í húsinu og er fyrir 67 ára og eldri. Svalir út af stofu, stórkostlegt útsýni yfir sundin og að Esjunni. Öll þjónusta og félagsþjónusta í húsinu. Húsvörður og vakt allan sólarhringinn. Svalir út af stigagangi í suður fyrir framan íbúð. Tvær lyftur í stigagangi. Verð **25,9 millj.** Íbúð merkt 0605. Verið velkomin.

Kaplastkjólsvegur 33A. Glæsilegt raðhús.
Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45



OPIÐ HÚS

Glæsilegt og mikið endurnýjað 153,6 fm. pallabyggt raðhús á þessum vinsæla og eftirsóttta stað í Vesturbænum. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar ásamt innihurðum. Húsið var hannað að innan af Rut Káradóttur og er búið að endurnýja (2012) m.a. eldhús, baðherbergi, sólbekki, milliveggi og innihurðir ásamt því að öll gólf voru flotuð og loft tekin niður með innfellidri lýsingu. Arinn í stofu. Glæsileg afgirt verönd til suðausturs. Frábær staðsetning í göngufæri við skóla, sundlaug o.fl. Verð **65,9 millj.** Verið velkomin.

atvinna

atvinna

Tæknifulltrúi á umhverfis-, skipulags-, og byggingarsviði.


Sveitarfélagið Garður og Sandgerðisbær auglýsa eftir áhugasömum og framsæknum einstaklingi til að sinna starfi tæknifulltrúa. Um er að ræða 100% starf. Tæknifulltrúi starfar með sviðsstjóra umhverfis-, skipulags- og byggingarmála að fjölbreyttum verkefnum á sviði umhverfis-, tækni-, skipulags-, og byggingarmála sveitarfélaganna.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Tæknimenntun sem nýtist við starfið
- Góð þekking á þeim málaflokkum sem starfið nær til
- Víðtæk tölvuþekking
- Góðir samskipta- og samstarfshæfileikar
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfileikar og frumkvæði við lausn verkefna

Umsóknarfrestur er til og með 24. ágúst. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf frá og með 15. september. Launakjör eru samkvæmt samningum stéttarfélaganna við sveitarfélögin Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum á netfangið gardur@svgardur.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni umsækjanda í starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Ben Einarsson, sviðsstjóri umhverfis-, skipulags-, og byggingarmála í tölvupósti á jonben@svgardur.is eða í síma 847-2503



atvinna

SMÍÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMÍÐI, VERKAMENN, MÚRARAR OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

HANDAFL EHF s. 777 2 333

ÖLL BESTU LÖG

ÓÓÓÓ



11. SEPTEMBER Í ELDBORG HÖRPU

BUBBI OG PÁLMI GUNNARS

ÁSAMT HLJÓMSVEIT

Í MINNINGU RÚNARS JÚLIUSSONAR SEM ORÐIÐ HEFÐI SJÖTUGUR Á ÁRINU

prime




MÍÐASALA Á HARPA.IS OG TIX.IS

Veðurspá

Þriðjudagur

Að mestu hægt austlæg átt í dag og víða bjart fyrir norðan, en rigning um sunnanvert landið með austan strekkingi við suðurströndina. Þykkar upp norðvestan til í kvöld með smávegis rigningu. Hiti 9 til 16 stig, hlýjast á Norðausturlandi.



Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
12°	13°	13°
↖ 6	↖ 3	↘ 3
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
13°	12°	10°
↘ 3	↖ 3	↗ 3

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
12°	7°	9°
↖ 2	↖ 8	↖ 4
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
8°	12°	7°
↖ 7	↖ 3	↘ 6

1				
2				
3				
4				
5				
6	7		8	
9		10		11
12			13	
14				15
16			17	
18		19		20
21				

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. áfangi, 6. spil, 8. þvottur, 9. yfirbreiðsla, 11. íþróttafélag, 12. raup, 14. aurasál, 16. býli, 17. struns, 18. hljóma, 20. bókstafur, 21. nudda.

LÓÐRÉTT

1. loga, 3. pot, 4. skerðing, 5. drulla, 7. sök, 10. knæpa, 13. líða vel, 15. skakki, 16. bæn, 19. til.

LAUSN

15. skáti, 16. bön, 19. að.
5. aur, 7. sakæðmi, 10. krá, 13. una, 17. ark, 18. óma, 20. ká, 21. niða.
LÓÐRÉTT: 1. þáls, 3. ot, 4. tákörk, 11. kr, 12. skrum, 14. nánós, 16. bæ, 17. ark, 18. óma, 20. ká, 21. niða.
LÁRÉTT: 2. lota, 6. ás, 8. tau, 9. lak,

SKÁK

Gunnar Björnsson

Torfi Leósson (2.171) hafði hvítt á móti Árna H. Kristjánssyni (1.895) á Íslandsmóti skákfélaga sl. vor.

53. d5! cxd5 54. c6! bxc6 55. b7 og svartur gafst upp. Laglegt gegnum-brot. Skáklífið er að fara í fullan gang eftir sumarið.

www.skak.is: Davíð sigurvegari Stórmóts TR.



Hvítur á leik

Myndasögur

PONDUS



Eftir Frode Øverli

GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

GRÍÐARLEGT ÚRVAL AF ÓLUM, BEISLUM OG TAUMUM FYRIR HUNDA.

DÝRARÍKIÐ
Holtgördum... fyrir dýravini

Stærsta og skemmtilegasta gæludýraverslun landsins S: 568 66 68 Opíð 11-18 virka daga / 12-18 um helgar

SUDOKU

LÉTT					MIÐLUNGS					PUNG							
1					2	8			3	9	5			4	8		
5				6		1	7	5	8			6	9			3	
9	3	7	1	6	4			5		2	4	2	4	1		7	
			3	8	1		4	5		2	8			7			
6								6	9			9		1		4	
	7	8	4	1						6						5	6
7			5		2	9		6	5		1	3	7	1	3	5	
	9		8	7		3		7	3	5			1		8		
				3		7		4						2			

6	7	4	9	2	5	1	8	3	7	1	6	9	4	2	5	8	3	8	2	5	9	7	4	1	3	6
8	9	5	1	3	6	4	2	7	8	3	2	6	7	5	9	4	1	6	9	3	8	1	5	7	4	2
2	3	1	4	7	8	5	6	9	9	4	5	8	1	3	2	6	7	1	7	4	2	6	3	5	9	8
7	4	9	2	8	3	6	5	1	1	7	9	2	8	4	6	3	5	7	6	9	1	8	2	4	5	3
1	6	3	7	5	4	8	9	2	6	2	3	7	5	1	8	9	4	5	4	2	3	9	7	6	8	1
5	8	2	6	9	1	3	7	4	4	5	8	3	6	9	1	7	2	3	8	1	4	5	6	9	2	7
4	2	8	3	6	7	9	1	5	2	6	4	1	9	7	3	5	8	9	5	7	6	3	8	2	1	4
9	1	6	5	4	2	7	3	8	5	8	1	4	3	6	7	2	9	2	1	8	7	4	9	3	6	5
3	5	7	8	1	9	2	4	6	3	9	7	5	2	8	4	1	6	4	3	6	5	2	1	8	7	9

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölu-blaði Fréttablaðsins.

OPIÐ ALLAN SÓLAR- HRINGINN



Í A4 SKEIFUNNI

OG TIL KLUKKAN 22:00

Í A4 SMÁRALIND

UPPLÝSINGAR UM AFGREIÐSLUTÍMA
ALLRA VERSLANA Á A4.IS

Við þurfum samkennd og merkingu

Leikár Þjóðleikhússins hófst í gær með formlegum hætti og er það fyrsta árið undir stjórn Ara Matthíassonar, nýs þjóðleikhússtjóra. Ari segist vera fullur tilhlökkunar fyrir leikárinu enda verði dagskrá vetrarins glæsileg í alla staði.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

„Helsingur sýninga vetrarins er íslensk verk og það skiptir okkur ákaflega miklu máli. Við frumsýnum bæði ný íslensk verk sem sérstaklega eru samin fyrir Þjóðleikhúsið og ný erlend verk sem hafa unnið stóra sigra á undanförunum árum. Við erum með klassísk verk sem teljast til fremstu verka heimsbókmenntanna. Þannig að markmiðið er vissulega að vera með fjölbreytt leikár þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Það verða fimm frumsýningar á Stóra sviðinu, þrjár frumsýningar í Kassarum, uppistand og spuni í Kjallaranum og svo mætti áfram telja. Það verður að minnsta kosti ákaflega mikið um að vera hjá okkur í vetur. Auk þess vil ég nefna að við ætlum að gera hlutina þannig að meirihluti listrænna stjórnenda í ár eru konur.“



ARI MATTHÍASSON

Ari segir jafnframt að hugað sé að börnum í þriðjungi leiksýninga vetrarins og hann telur að það skipti ákaflega miklu máli að Þjóðleikhúsið standi vel að því að bjóða upp á vandað leikhús fyrir börn. „Það verður fjöldi skemmtilegra barnasýninga í ár, auk þess sem fyrsta frumsýning vetrarins á Stóra sviðinu verður fjölskyldusýningin Í hjarta Hróa hattar. En á meðal þess sem við ætlum að gera er að fara í sérstakt samstarf við Brúðuheima og Bernd Ogródnik með sýninguna Umhverfis jörð-

ina á 80 dögum og verður farið með þá sýningu í leikferð um allt land. Það er líka mikilvægur hluti af starfsemi Þjóðleikhússins að leitast við að sinna landinu öllu og það er ákveðið framtíðarmarkmið að frumsýna verk úti á landi þegar fram líða stundir.“

Í leikhúsheiminum er á stundum haft á orði að þegar vel gengur í öðru af stóru leikhúsum borgarinnar þá sé lægð hjá hinu. Ari segir að það hafi vissulega verið talsvert mikil athygli á Borgarleikhúsinu á undanförunum árum en engu að síður sýni aðsóknartölur að það gangi líka vel í Þjóðleikhúsinu. „Þetta er allt gott. Því þetta tvennt getur nefnilega auðveldlega farið vel saman. Aðsóknin hjá okkur hefur vaxið frá ári til árs allt frá 2010 og ég er á því að ef tekið er mið af eiginlegri getu hússins; stærðarlega, tæknilega o.s.frv. þá séum við í raun að hámarka möguleika þess um þessar mundir og vonandi verður þannig áfram um ókomna tíð.

Leikhúsáhuginn hér er svo mikill og við Íslendingar erum gríðarlega duglegir að fara í leikhús. Um þriðjungur þjóðarinnar kemur til okkar í Þjóðleikhúsið í á hverju ári og það er vissulega eitthvað sem við erum oft öfunduð af úti í hinum stóra heimi.

Þetta þarf hins vegar ekkert að koma á óvart vegna þess að íslenskt leikhús er með miklum blóma um þessar mundir. Lítum t.d. til þess að Baltasar Kormákur er um þessar mundir að verða sífellt stærra nafn í íslenskum kvikmyndahæmi. Hann er íslenskur leikhúslistamaður alinn upp í Þjóðleikhúsinu. Eins má nefna Gísla Örn Garðarsson, þar er annar íslenskur leikhúsamaður á ferð, búinn að frumsýna um víða



STARFSFÓLK ÞJÓÐLEIKHÚSSINS Þessi hópur horfir glaðbeittur mót nýju leikári 2015-2016.

veröld og svo mætti áfram telja. Íslenskt leikhús er í fremstu röð. Þess njóta íslenskir leikhúsáhorfendur og íslenskt leikhús nýtur líka góðs af þessum mikla áhuga.“

Ari segir að það Þjóðleikhúsið hafi vissulega mikilvægu hlutverki að gegna í íslensku samfélagi. „Ég er á því að Þjóðleikhúsið verði að vera óhrætt við að tala um það sem skiptir máli. Það á ekki að vera bundið af einhverri flokkspólitík eða slíku en það verður að vekja athygli og efna til samræðu um það sem skiptir máli. Þjóðleikhúsið á að vera talsmaður minni máttar og fjalla um mál-efni þeirra. Ég hef áhuga á því að

fjalla um vanda þeirra sem eiga um sárt að binda vegna áfengis- og vímuefnaneyslu, geðsjúkdóma, ofbeldis o.s.frv. Í vor ætlum við til að mynda að frumsýna Djöflaeyjuna, nýjan söngleik sem byggður er á þessari frábæru bók Einars Kárasonar, í samstarfi við Baltasar Kormák. Þar er einmitt að vera að fjalla um þessi samfélagslegu málefni; vímuevandann, ofbeldi, fátæktina o.s.frv. Við viljum vera með Þjóðleikhús sem er virkt afl í þjóðmálaumræðunni og vonandi mun okkur takast það á komandi vetri. Ég hef að minnsta kosti fulla trú á því og hlakka mikið til vetrarins.

Við setningu hússins sagði ég við allt mitt góða fólk að það samfélag sem heitir Þjóðleikhúsið hefur miklum skyldum að gegna gagnvart íslensku þjóðinni við að efla samkennd hennar í þeirri fullvissu að slíkt sé grundvallarforsenda fyrir tilvist þjóðarinnar. Þetta er ekki síst mikilvægt vegna þeirrar staðreyndar að við erum ekki síður andlegar verur en líkamlegar. Við öðlumst ekki lífsfyllingu við líf frá degi til dags. Við þurfum samkennd, merkingu og skilning. Við þurfum samhengi í líf okkar. Við þörfumst vonar og þess að eiga okkur framtíð.“

Salómon var opinberun

TÓNLIST ★★★★★

Händel: Óratórían Salómon á Kirkjulistahátíð.

Miðað við þá mynd sem maður hefur af Salómon konungi, þá ætti sá sem leikur hann að vera djúpraddaður og valdsmannslegur. Hann var í beinu sambandi við Guð almáttugan, vissi allt og gat allt. Svo átti hann sjö hundruð konur og þrjú hundruð hjákonur. Ef marka má godsagnir (t.d. í Þúsund og einni nótt), þá hafði hann yfir að ráða heilum her af illum öndum sem voru þrælur hans.

En í óratóríunni Salómon eftir Händel, sem flutt var í fyrsta sinn á Íslandi á hátíðartónleikum á Kirkjulistahátíð í Hallgrímskirkju er konungurinn ekki svona. Enginn strigabassi syngur hlutverk hans, heldur kontratenór. Kontratenór er maður sem syngur í falsettu. Svipað þessum í gamla daga sem voru ekki með nein eistu, karlmaður sem syngur eins og kona.

Þetta kemur á óvart. Fólk myndi jú hrökkva við ef Ólafur Ragnar Grímsson ávarpaði þjóðina í falsettu. En með þessu var Händel væntanlega að undirstrika göfgina sem einkenndi Salómon. Hann var innblásinn af Almáttinu, vald hans var undir Guði komið. Hann var einhvers konar upphafin vera, handan við testósteron og allt veraldlegt. Óratorían er lofgjörð til hans og Drottins í næstum því fjóra tíma.

Nú kann einhver að geispa. En ég fullvissa lesandur mína um að ég var glaðvakandi alla tónleikana á enda. Fyrir það fyrsta var tónlistin hrífandi fögur. Hún var fjölbreytt

og spennandi. Þarna voru fallegar aríur og stórfengleg kóratriði. Svo var flutningurinn framúrskarandi.

Fyrir þá sem ekki vita er óratóría tónverk þar sem helgitexti er settur í tónrænan buning frásagnar og hugleiðingar. Tónlistin á margt sameiginlegt með óperum, í henni eru aríur, söngles og kóratriði. Það er oft mikið drama í frásögninni. Þetta drama skilaði sér fullkomlega í kraftmikilli stjórn Harðar Áskelssonar. Fjölmörg kóratriði voru meistaralega vel útfærð af Mótettukór Hallgrímskirkju. Þau voru svo flott að maður fékk gæsa-húð hvað eftir annað. Kórinn var svo sannarlega í banastuði.

Einsöngvararnir voru magnaðir. Robin Blaze kontratenór var í hlutverki Salómons. Söngur hans var hreinn og öruggur, túlkunin hástemmd og full af andakt. Þóra Einarasdóttir var líka frábær, satt best að segja held ég að hún hafi aldrei sungið svona vel. Sigríður Ósk Kristjánsdóttir var jafnframt óaðfinnanleg, það var unaður að hlusta á hana syngja.

Tveir „alvöru“ karlmenn voru meðal einsöngvara. Annar þeirra var Benedikt Kristjánsson tenór. Ég hef fylgst með honum síðan hann var að taka sín fyrstu skref á tónlistarbrautinni. Hann hefur tekið sífellt framfarum og nú er svo komið að hann er orðinn framúrskarandi söngvari. Nýja stjarnan í íslensku tónlistarlífi, Oddur Arnþór Jónsson, sem stal senunni í Don Carlo í fyrra, klikkaði ekki heldur. Söngur hans var kröftugur og litríkur.

Alþjóðlega barokksveitin í Den Haag spilaði með söngvurunum og var pottþétt á sínu. Þar var spilað



STJÓRNANDI OG EINSÖNGVARAR Hörður, Sigríður Ósk, Þóra og Robin Blaze.

á barokkútgáfur nútímahljóðfæra, þau voru tær og áferðarfögur. Sérstaka athygli vakti þorbuleikur Thomas Dunford, sem var litríkur og ljúfur áheyrnar. Þorba er risastór lúta, einskonar gítar.

Það er þekvirki að koma svona löngu tónverki til skila til áheyranda án þess að þeir sofni. Þarna var tónlistin hreinasta opinberun. Maður naut hvers tóns og öðlaðist innsýn í veröld Gamla testamentisins, hún birtist manni ljóslifandi. Mikill er máttur listarinnar! Tónlistarlífið í Hallgrímskirkju stendur svo sannarlega í blóma.

Jónas Sen

NIDURSTAÐA: algerlega dásamlegir tónleikar með hrífandi söng og glæsilegum hljóðfæraleik.

TÓNMENTASKÓLI REYKJAVÍKUR

Innritun nýrra nemenda fyrir skólaárið 2015-2016
stendur yfir núna og lýkur 10. september.

Innritaðir eru nemendur á aldrinum 8-10 ára sem eru teknir beint í hljóðfæranám, án undangengins forskólanáms.

Hægt er að komast að á eftirfarandi hljóðfæri:

- Strengjahljóðfæri, þ.e. fiðlu og selló
- Einnig á píanó og harmóníku
- Einnig er til takmarkað pláss á þverflautu, klarinett og saxófón
- Teknir eru nemendur á biðlista fyrir Forskóla I (6 ára) og Forskóla II (7 ára)



ATHUGIÐ AÐ FRAMBOÐ Á SKÓLAVIST ER MJÖG TAKMARKAÐ.

Skrifstofa skólans á Lindargötu 51 er opin frá kl. 13:00-16:00 virka daga.
Síminn er 562-8477.

Það skal tekið fram að nauðsynlegt er fyrst að skrá nemendur í skólann með því að hafa samband við skrifstofuna. Til að tryggja endanlega að innritunin sé frágengin er nauðsynlegt að innrita nemendann einnig í Rafræna Reykjavík á heimasíðunni www.rafræn.reykjavik.is á sama tíma og setja Tónmentaskólann í 1. val.

Skólalastjóri

4
DAGAR
Í REYKJAVÍKUR-
MARADON

NÝJAR VÖRUR FRÁ



UNDER ARMOUR®

20%

AFSLÁTTUR

**AF UNDER ARMOUR BUXUM
TIL 24.ÁGÚST**



ÚTILÍF

síðan 1974

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

utilif.is

Ofnbakaður fiskur í paprikusósu

Ýsa eða þorskur, magn eftir fjölda matargesta

1 box paprikumurostur (250 g)
1 box sveppir (250 g)
1 þúrrulaukur
2,5 dl rjómi + 0,5 dl mjólk (eða 3 dl matreiðslurjómi)
1 grænmetisteningur
Smá cayenne-pípar (farið varlega því hann er sterkur! Nota u.þ.b 1/8 úr teskeið)
Krydd lífsins frá Pottagöldrum (eða önnur krydd eftir smekk)
Rífinn ostur

Hitið ofninn í 175°C.

Skerið sveppi og þúrrulauk. Hitið olíu á pönnu og steikið sveppina og þúrrulaukinn. Kryddið með Kryddi lífsins (eða öðrum kryddum) og hellið rjóma yfir. Hrærið smurostinn saman við í skömmtum og bætið svo grænmetisteningi út í. Leyfið sósunni að sjóða við vægan hita á meðan fiskurinn er undirbúinn.

Skolið og þerrið fiskinn og leggið í eldfast mót. Kryddið með pípar og

→ Það er gott að byrja vikuna á góðum fisk í bragðgóðri sósu sem kitlar bragðlaukana. Þessi réttur er auðveldur í matreiðslu og ætti að gleðja alla í fjölskyldunni.

salti og hellið síðan sósunni yfir. Setjið rífinn ost yfir og eldið í 20 mínútur, eða þar til osturinn hefur fengið fallegan lit.

Uppskrift fengin af ljufmeti.is.



Frumstýnir myndbandið þar sem horft er yfir tókustaðinn

Ragnar Árni gefur út sitt fyrsta lag undir eigin nafni. Hann heldur partí vegna frumsýningar tónlistarmyndbandsins á föstudaginn í Læknaminjasafninu á Seltjarnarnesi. Hann hefur oft verið kenndur við saxófóninn en nú er hann með breyttar áherslur í tónlistinni.

Ragnar Árni Ágústsson hefur lengi starfað við tónlist á hliðarlínunni en núna á föstudaginn skrífur hann úr skelinni og gefur út sitt fyrsta lag og tónlistarmyndband undir eigin nafni.

Myndbandið var tekið upp við Gróttu á Seltjarnarnesi en það verður frumsýnt í læknaminjasafninu þar í bæ. Þá fá gestir að upplifa myndbandið á meðan horft er yfir tókustaðinn. Ragnar samdi einnig á dögunum tónlistina fyrir franska mynd sem heitir Fort Buchana og hefur vakið mikla lukku og hefur meðal annars verið sýnd á MoMA í New York.

Hingað til hefur Ragnar verið tengdur við saxófóninn en hann hefur spilað með mörgum hljómsveitum í gegnum tíðina. Hann hefur verið seinustu þrjú ár að læra lækisfræði í Ungverjalandi en eftir að hann flutti út hefur hann einbeitt sér mun meira að því að semja eigin tónlist.

„Með því að hafa frumsýningarpartíið

á þessum stað er ég að tengja saman tvo heima. Lækisfræðin í læknaminjasafninu og tónlistin þar sem horft verður yfir tókustaðinn. Svo er ég af Seltjarnarnesi svo það skiptir líka máli fyrir mig.“

Lagið sem um ræðir heitir Leiðin og er samið af Ragnari en Friðfinnur Sigurðsson útfærði það. Myndbandinu er leikstýrt af Frosta Rúnarssyni sem gerði meðal annars heimildarmyndirnar um Grafík og Hjálma. Karen Jóhannsdóttir vann við framleiðslu myndbandsins.

„Lagið er einlægt og rólegt. Ég er búinn að vera að læra svo mikið af tónlist frá því ég man eftir mér þannig að ég náði að taka hluti í burtu þegar ég samdi lagið. Ég samdi þetta minna frá huganum og meira frá hjartanu.“

-gj

VIÐ GRÓTTU Tónlistarmyndbandið var tekið upp á Seltjarnarnesi, í heimabæ Ragnars. MYND/SAGA SIG



ERT ÞÚ TILBÚIN(N) Í MARAÞON?

Frábær tilboð á hlaupavörum fyrir maraþonhlaupara og skemmtiskokkara!

ATH.
tilboðið gildir aðeins á þessum litum

marathon TILBOÐ
20.990
Fullt verð: 29.990

marathon TILBOÐ
22.390
Fullt verð: 31.990

ASICS NIMBUS 17
Hlaupaskór með hlutlausri styrkingu. Litur. Hvítir m/bleiku, hvítir m/svörtu. Dömu- og herrastærðir.

ATH.
tilboðið gildir aðeins á þessum litum

ASICS KAYANO 21
Innanfótarstyrktir hlaupaskór með dempun í hæl og tábergi. Dömu- og herrastærðir.

KS TOOLS
KICK-OFF

Tilboð

Meðan
birgðir
endast

Loftlykill 1.690 Nm



28.984.-

Nánar upplýsingar á stilling.is/KS5151210



4í1 Lykill



3.287.-

Nánar upplýsingar á stilling.is/KS5034565



Lyklasett 6-32

21 stk.



15.562.-

Nánar upplýsingar á stilling.is/KS5170043



Topplyklasett

48 stk.



5.427.-

Nánar upplýsingar á stilling.is/KS9170648



Topplyklasett

179 stk.



17.313.-

Nánar upplýsingar á stilling.is/KS9170779



Bitasett

32 stk.



5.641.-

Nánar upplýsingar á stilling.is/KS9183010



Minnkanir og stækkanir

7 stk.



3.871.-

Nánar upplýsingar á stilling.is/KS9170707



Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is | stilling@stilling.is

LAUGARÁS BÍÓ
miði.is
 Pólsa og nánari upplýsingar
 Coca-Cola
 FLAUGARÁSBÍÓ

THE GIFT
 PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

VACATION
 PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

FRUMMADURINN
 PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

TRAINWRECK
 PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

LAUGARÁS BÍÓ Sýningartímar
 VACATION 5:50, 8, 10:35
 THE GIFT 5:40, 8, 10:10
 FRUMMADURINN 2D 5:50
 TRAINWRECK 8

SAMBÍÓINN NÁÐU Í SAMBÍÓ APPID ÞAÐ MARGBODAR SIG

Það muna allir eftir ógleymanlegu grínmyndunum um Griswold fjölskylduna. Nú er komið að syninum að fara með sína fjölskyldu í frí!

"VACATION ER FYNDNASTA MYND ÁRSINS"
 JAMES OSTER - JOBLD

"BRJÁLÆÐISLEGA FYNDIÐ FRAMHALD"
 "ÉG HEF EKKI HLEGIÐ SVONA OFT UPPHÁTT Í LANGAN TÍMA"
 MATT SHILL

DAVE KARGER - FANDANGO

VACATION KL. 3:40 - 4:40 - 5:50 - 6:50 - 8 - 9 - 10:20

VACATION VIP KL. 3:40 - 5:50 - 8

MISSION: IMPOSSIBLE KL. 5:15 - 8 - 10:45

MISSION: IMPOSSIBLE VIP KL. 10:20

ANT-MAN 2D KL. 8 - 10:45

THE GALLOWS KL. 10:45

SKÓSVEINARNIR 2D KL. 3:40 - 5:50

INSIDE OUT 2D KL. 3:40 - 5:50

JURASSIC WORLD 2D KL. 8

LAUGARÁS BÍÓ KRINGLUNNI NÚMÉRUD SÆTI

VACATION KL. 5:50 - 8 - 10:20

MISSION: IMPOSSIBLE KL. 6 - 9 - 10:30

MAGIC MIKE XXL KL. 8

INSIDE OUT 2D KL. 5:50

VACATION KL. 5:40 - 8 - 10:45

MISSION: IMPOSSIBLE KL. 5:20 - 8 - 10:20

FANTASTIC 4 KL. 5:40 - 8 - 10:20

ANT-MAN 2D KL. 5:30 - 8 - 10:30

LAUGARÁS BÍÓ KEFLAVÍK

VACATION KL. 8 - 10:40

MISSION: IMPOSSIBLE KL. 10:10

TRAINWRECK KL. 8

PIXELS KL. 5:30

SKÓSVEINARNIR 3D KL. 5:40

LAUGARÁS BÍÓ AKUREYRI

VACATION KL. 5:50 - 8 - 10:10

MISSION: IMPOSSIBLE KL. 8 - 10:45

ANT-MAN 2D KL. 5:30

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

SOUTHPAW PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

FANTASTIC 4 PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

FRUMMADURINN PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

TRAINWRECK PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

HRÚTAR PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

Daily with english subtitle at 17.30 at Háskólabíó University Cinema

Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

Tískuslys frá 2007 sem munu aldrei gerast aftur


Það eru átta ár liðin frá 2007 og því gaman að líta um öxl og sjá hvað stjörnurnar hafa breyst mikið bæði í útliti og hvað klæðaburð varðar. Líkurnar á að nokkrar þeirra muni klæðast þessum fötum aftur eru hverfandi.



TAYLOR SWIFT Dagarnir sem Taylor gengur um í sérmerktum kúrekastígvélum eru vonandi taldir. Þrátt fyrir að hún hafi verið mikið krútt árið 2007 þá er hún búin að próa með sér flottan stíl í dag.




MILEY CYRUS Þegar Miley lék Hannah Montana tók hún skrítnar ákvarðanir hvað varðar klæðaburð. Sem betur fer klæðir hún sig eins og hún vill í dag enda einstakur persónuleiki.



CALVIN HARRIS Skoski plötusnúðurinn hefur breyst töluvert frá því hann var að byrja að koma fram árið 2007. Í dag hefði hann aldrei látið sjá sig með þetta hár í þessari hettupeysu.



VICTORIA BECKHAM Það væri forvitnilegt að vita hvað Victoríu Beckham finnst um þetta dress í dag. Þetta ljósa hár, þröngi sebrakjöllinn og neonbleiki brjóstahaldarinn eru ekki alveg í takt við fatamerkið hennar í dag.



KANYE WEST Gul golla, blár pólóbólur og bleikt G-Shock úr? Þetta er ekki sami Kanye og við þekkjum í dag sem gengur bara í dökkum litum frá þekktustu tískuhúsum.

f BYLGJAN989

#BYLGJAN

GARÐPARTÍ BYLGJUNNAR ER Í LOFTINU

FLOTTASTA GARÐPARTÍ ÁRSINS Á MENNINGARNÓTT Í HLIÓMSKÁLAGARÐINUM

FJÖLSKYLDUSKEMMTUN, GRILL OG TÓNLISTARVEISLA 22. ÁGÚST, KL. 16:00 - 22:30

STOPWAITGO

GLOWIE

FRÍÐRIK DÓR

ALDA DÍS

MARÍA ÓLAFS

JÚNÍUS MEYVANT

PÁLL ÓSKAR

DIKTA

MANNAKJÖT

MILLJÓNAMÆRINGARNIR



SIÓNVARP



BYLGJAN.IS



BYLGJUAPPID



ÚTVARP

HLUSTADU
HVAR SEM ER,
HVENÆR SEM ER

BYLGJAN
989



Mörkin: 1-0 Atli Viðar Björnsson (11.), 2-0 Bjarni Þór Viðarsson (23.), 3-0 Atli Guðnason (49.), 4-0 Emil Pálsson (67.).

FH (4-4-2): Röbert Örn Óskarsson 6 - Jonathan Hendrickx 7 (76. Jón Ragnar Jónsson -), Pétur Viðarsson 6, Davíð Þór Viðarsson 6, Böðvar Böðvarsson 7 - Jeremy Serwy 6, Bjarni Þór Viðarsson 6, Emil Pálsson 7, Þórarinn Ingi Valdimarsson 6 (82. Kristján Flóki Finnbogason -) - ***Atli Guðnason 8**, Atli Viðar Björnsson 7 (76. Steven Lennon -).

STJARNAN (4-3-3): Gunnar Nielsen 4 - Jóhann Laxdal 5, Daniel Laxdal 4, Hörður Árnason 3, Pablo Punyed 4 - Þorri Geir Rúnarsson 4, Heiðar Aegisson 3, Guðjón Baldvínsson 3 (84. Kári Pétursson -) - Þórhallur Kári Knúttsson 4 (57. Arnar Már Björgvinsson 5), Ólafur Karl Finsen 6 (65. Halldór Orri Björnsson 4), Jeppe Hansen 3.

Skot (á mark): 15-8 (8-4)

Horn: 5-3

Varin skot: Röbert 3 - Gunnar 4



Mörkin: 0-1 Halldór Smári Sigurðsson sjálfsmark (88.), 1-1 Ívar Örn Jónsson (víti, 90+4).

VÍKINGUR (4-3-3): Thomas Nielsen 7 - Dofri Snorrason 7, Igor Taskovic 6, Halldór Smári Sigurðsson 5, Davíð Örn Atlason 6 - Ívar Örn Jónsson 5, Viktor Bjarki Arnarsson 5 (41. Finnur Ólafsson 6), ***Rolf Toft 7** - Arnþór Ingi Kristinsson 5 (83. Andri Rúnar Bjarnason -), Hallgrímur Mar Steingrímsson 4 (65. Agnar Darri Sveinsson 5), Vladimir Tufegdzic 5.

LEIKNIR (4-3-3): Eyjólfur Tómasson 6 - Charley Fomen 6, Óttar Bjarni Guðmundsson 6, Halldór Kristinn Halldórsson 7, Gestur Ingi Harðarson 6 - Brynjar Þór Hliðversson 6 (81. Sindri Björnsson -), Atli Arnarson 5, Hilmar Árni Halldórsson 6 - Kristján Páll Jónsson 4 (65. Ólafur Hrannar Kristjánsson 5), Elvar Páll Sigurðsson 4, Danny Schreurs 3 (65. Kolbeinn Kárasen 5).

Skot (á mark): 14-9 (5-3)

Horn: 2-6

Varin skot: Thomas 3 - Eyjólfur 3

PEPSI-DEILDIN 2015

STAÐAN

FH	16	11	3	2	37-19	36
Breiðablik	16	9	5	2	26-10	32
KR	15	9	3	3	25-13	30
Valur	15	7	3	5	24-18	24
Fjölnir	15	7	3	5	22-20	24
Fylkir	16	5	6	5	18-23	21
Stjarnan	16	5	5	6	18-21	20
Víkingur	16	4	6	6	24-24	18
ÍA	16	4	5	7	20-26	17
Leiknir	16	3	5	8	15-22	14
ÍBV	15	4	2	9	17-26	14
Keflavík	16	1	4	11	17-41	7

MARKAHÆSTU MENN

Jonathan Glenn, Breiðablik - 9 mörk
Patrick Pedersen, Valur - 8 mörk
Þórir Guðjónsson, Fjölnir - 7 mörk
Atli Viðar Björnsson, FH - 7 mörk
Jeppe Hansen, Stjarnan - 6 mörk

NÆSTU LEIKIR

Fimmtudagur 20. ágúst: 18.00 Fjölnir - Valur, 18.00 ÍBV - KR.

FH rúllaði yfir Stjornuna

FÓTBOLTI Fjórir leikir fóru fram í 16. umferð Pepsi-deildar karla í gær. FH-ingar rústuðu Stjornunni í Kaplakrika en þessi lið mættust sem kunnugt er í lokaumferðinni í fyrria þar sem Garðbæingar tryggðu sér Íslandsmeistaratiðinn.

Jonathan Glenn skoraði þrennu þegar Breiðablik komst upp í 2. sæti deildarinnar með 3-1 sigri á ÍA. Glenn er nú orðinn markahæstur í deildinni með níu mörk. Víkingur og Leiknir gerðu 1-1 jafntefli í fallslag í Víkinni og Fylkir og Keflavík gerðu sömu leiðis jafntefli, 3-3, í Árbænum.



MIKLIR YFIRBURÐIR Stjornumenn sáu aldrei til sólar gegn öflugum FH-ingum í Kaplakrika í gær.

FRETTABLAÐIÐ/ANTON

Framkvæma allt sem ég segi

Þjálfari U-19 ára landsliðsins í handbolta segist vera stoltur af strákunum sem hafa slegið í gegn í Rússlandi. Hann segir sína menn tilbúna til þess að taka að sér stór hlutverk hjá íslenska landsliðinu í framtíðinni.

HANDBOLTI „Það er búið að leggja mjög mikla vinnu í þetta lið, við erum búnir að vera saman í tæpa tvo mánuði og þeir eru búnir að leggja á sig mikla vinnu sem er að skila sér núna,“ sagði Einar Guðmundsson, þjálfari íslenska U-19 ára landsliðsins, sigurreifur eftir 32-27 sigur á Brasilíu á heimsmeistaramótinu í handknattleik.

Strákarnir hans Einars tryggðu sér með sigrinum sæti í undanúrslitum þar sem þeir mæta Slóveníu á morgun en íslenska liðið hefur enn ekki tapað leik á mótinu.

„Ég er búinn að vera með þetta lið núna í fjögur ár og við höfum markvisst unnið að sömu þáttum aftur og aftur. Þetta er orðið mjög skipulagt hjá liðinu, það er lítið um sveiflur í leik liðsins og við erum mjög öruggir á okkar hraða.“

Erfiður riðill

Ísland lenti í riðli með sterkum liðum á borð við Noreg, Spán og Þýskalandi en fyrir vikið fékk Ísland auðveldari mótherja í 16- og 8-liða úrslitum.

„Við vorum í erfiðasta riðlinum og við vissum að þar yrðu fjórir, jafnvel fimm leikir mjög jafnir. Okkur tókst að vinna þá alla og fyrir vikið fengum við órlítið auðveldari mótherja í Suður-Kóreu og Brasilíu. Sem betur fer er þetta mjög agaður hópur og þeir framkvæma allt það sem ég bið þá um eins og sést á frammistöðunni,“ sagði Einar en liðið hefur átt góðu gengi að fagna undanfarna mánuði.

„Strákarnir eru búnir að vinna tuttugu leiki í röð sem sýnir hversu gott leikskipulag við erum með. Við vitum að við munum ekki eiga stórkostlegan leik einn dag og afspyrnu slakan leik daginn eftir. Frammistaða liðsins er alltaf stöðug.“

Einar var óánægður með kæruleysið í leik íslenska liðsins í gær en Brasilía náði að jafna metin í seinni hálfleik eftir að hafa verið átta mörkum undir.

Erum góðir í hraðaupphlaupum

„Þetta var kæruleysi af okkar hálfu. Við nýttum okkur þessar nýju reglur að leika með sjö útleikmenn sem gekk vel framan af gegn 3-3 vörninni þeirra en í seinni hálfleik kom meira kæruleysi í sendingar og skotin. Það hleypti þeim aftur í leikinn en þá settum við aftur í gir og sigldum þessu örugglega heim.“

Glæsilegur lokakafli íslenska liðsins í gær gerði á endanum útslagið en þetta er í annað skiptið sem góður lokakafli íslenska liðsins gerir gæfumuninn. „Við erum með mjög gott hraðaupphlaupslíð sem sést eflaust best á því að Óðinn Ríkharðsson er markahæstur á mótinu og hann er ekki vítaskytti. Vegna þess vitum við að við eigum alltaf tækifæri á að taka rispur eins og þessar. Við nýttum okkur mistök annarra liða og erum sérstaklega duglegir í að

refsa séum við manni fleiri,“ sagði Einar sem vildi klára leikinn í fyrri hálfleik.

„Vörnin var frá-bær í leiknum, við settum þá í vandræði trekk í trekk. Ég hefði viljað klára þennan leik í fyrri hálfleik.“



Hefðum við nýtt dauðafærin okkar þá hefðum við farið inn í hálfleikinn með tíu marka forskot en ekki fimm.“

Fá vonandi stærra hlutverk í vetur

Einar sagðist hafa verið vonsvikinn yfir því hversu lítil hlutverk leikmenn hans fengu hjá liðum sínum í Olís-deildinni síðasta vetur.

„Ég var hálf svekktur yfir því hvað þeir fengu lítið af tækifærum í vetur, að mínu mati gátu þeir fengið mun fleiri mínútur og ennþá stærra hlutverk. Þeir sátu mikið á bekknum að mínu mati

þótt sumir væru meiddir. Kannski var ég eigingjarn, ég vil náttúrulega að þeir standi í stykkinu,“ sagði Einar sem vonaðist til þess að frammistaða leikmannanna á mótinu yrði til þess að þeir fengju aukin tækifæri.

„Þeir eru búnir að fá gríðarlega reynslu í sumar. Við erum búnir að spila sextán landsleiki í sumar og eigum tvo eftir sem skilar sér vonandi í því að þeir komi inn með gríðarlegt sjálfstraust og reynslunni ríkari.“

Tilbúnir í kynslóðaskiptin

Einar var þjálfari U-19 ára liðsins sem náði í silfur á sama móti fyrir sex árum en á mótinu skutust leikmenn á borð við Aron Pálmarsson og Ólaf Guðmundsson fram á sjónarsviðið.

„Ég var með þá í sex ár og af þeim eru tíu leikmenn komnir í atvinnumennsku. Ég held að við eigum eftir að sjá annað eins í þessum hópi. Þessir hópar eru svolítið mismunandi, bestu leikmennirnir komu eiginlega allir úr Seflossi og FH en í ár er ég með leikmenn úr 12 liðum,“ sagði Einar sem fagnaði fjölbreytileiknum.

„Það er mjög óvenjulegt, vissulega jákvætt að mörgu leyti en það tók tíma hjá sumum af þessum strákum að byggja upp sigurhefð. Þeir voru margir að vinna sinn fyrsta titil á European-Open æfingamótinu í sumar í Svíþjóð.“

Einar hefur fulla trú á því að þessir leikmenn geti tekið við keflinu þegar kynslóðaskipti verða í handboltalandsliðinu.

„Þeir verða alveg klárlega tilbúnir til þess að gera það. Aginn og vinnusemin í þessum strákum er algjörlega til fyrirmyndar og það skiptir mjög miklu máli. Þetta eru algjörir fyrirmyndardrengir.“

kristinnpall@365.is



Aðalfundur Íþróttafélagsins Gerplu verður haldinn í dag, 18. ágúst.

Fundurinn fer fram í félagsaðstöðu Gerplu á annarri hæð í Versölum og hefst kl. 19:00.

Til viðbótar við venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins, verður tekin fyrir tillaga stjórnar Gerplu um að fundurinn samþykki að slíta Framtíðarsjóði Gerplu og ráðstafa fjármunum hans til byggingar nýrrar aðstöðu fyrir Gerplu, í samræmi við grein 7 í samþykktum sjóðsins. Framangreind tillaga mun liggja frammi á skrifstofu félagsins til skoðunar fyrir aðalfundinn ásamt greinargerð stjórnar um hana

Stjórn Gerplu



Mörkin: 1-0 Jonathan Glenn (46.), 1-1 Albert Hafsteinsson (84.), 2-1 Glenn (88.), 3-1 Glenn (90+2).

BREIÐABLIK (4-3-3): Gunnleifur Gunnleifsson 7 - Arnór Sveinn Aðalsteinsson 7, Elfar Freyr Helgason 7, Damiir Muminovic 7, Kristinn Jónsson 8 - Oliver Sigurjónsson 8, Guðjón Pétur Lýðsson 7 (88. Davíð Kristján Ólafsson -), Arnþór Ari Atlason 5 (67. Andri Rafn Yeoman 6) - Ellert Hreinsson 6 (69. Atli Sigurjónsson 6), Höskuldur Gunnlaugsson 6, ***Jonathan Glenn 9**.

ÍA (3-5-2): Árni Snær Ólafsson 5 - Gylfi Veigar Gylfason 4 (46. Ásgeir Marteinsson 7), Ármann Smári Björnsson 6, Arnór Snær Guðmundsson 6 - Þórður P. Þórðarson 4, Ingimar Elfi Hlynsson 6 (81. Ólafur Valur Valdimarsson -), Arnar Már Guðjónsson 7, Albert Hafsteinsson 7 (86. Hallur Flosason -), Darren Lough 5 - Garðar B. Gunnlaugsson 5, Jón Vilhelm Ákason 5.

Skot (á mark): 11-4 (5-3)

Horn: 8-5

Varin skot: Gunnleifur 1 - Árni Snær 2



Mörkin: 0-1 Hólmur Örn Rúnarsson (6.), 1-1 Ingimundur Niels Óskarsson (12.), 1-2 Martin Hummervoll (14.), 2-2 Albert Brynjar Ingason (19.), 3-2 Albert Brynjar (21.), 3-3 Magnús Þórir Matthíasson (víti, 76.).

FYLKIR (4-3-3): Ólafur Íshólm Ólafsson 5 - Andri Þór Jónsson 5, Tonci Radovinkovic 6, Ásgeir Eyþórsson 5, Tómas Joð Þorsteinsson 6 - Ásgeir Börkur Ásgeirsson 6, Jóhannes Karl Guðjónsson 7, Ásgeir Örn Arnþórsson 6 - Andrés Már Jóhannesson 6, Ingimundur Niels Óskarsson 6 (73. Kolbeinn Birgir Finnsson -), ***Albert Brynjar Ingason 8**.

KEFLAVÍK (4-3-3): Sindri Kristinn Ólafsson 7 - Guðjón Árni Antoníusson 5, Paul Junior Bignot 6, Unnar Már Unnarsson 6, Samuel Jimenez Hernandez 5 - Magnús Þórir Matthíasson 6 (76. Hörður Sveinsson -), Abdel-Farid Zato-Arouna 5 (60. Sigurbergur Elísson 5), Hólmur Örn Rúnarsson 6 - Jóhann Birni Guðmundsson 5 (69. Leonard Sigurðsson 5), Chukwudi Chijindu 6, Martin Hummervoll 7.

Skot (á mark): 9-5 (7-3)

Horn: 10-5

Varin skot: Ólafur 0 - Sindri 4

30% afsláttur
af öllum barnafötum

Hettupeysa
2-8 ára
Áður 5.790 kr
Nú 4.053



**Reykjavík
& Akureyri**

Hrafnaping rúmföt
Stærð 140x200 / 50x70

Áður 13.490 kr
Nú 9.443 kr



Prjónapoki
Áður 1.990 kr
Nú 1.393 kr

30-50% afsláttur
af allri smávöru

Svefnhlíf



Áður 990 kr
Nú 690 kr

Koddaver
Stærð 50x70
Áður 2.890 kr
Nú 2.023 kr



SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLU

15-60% afsláttur

30% afsláttur
af öllum lökum



Hnífaparapoki
Lítill
Áður 1.690 kr
Nú 1.183 kr



Sendum frítt
úr vefverslun
lindesign.is

30-50% afsláttur
af öllum barnavörum



15-50% af
svuntum og
eldhúsvörum

Svunta - pipar
Áður 2.990 kr
Nú 2.093 kr



Hreindýr rúmföt
Stærð 140x200
Áður 13.490 kr
Nú 9.443



15-60% afsláttur
af rúmfötum

40% afsláttur
af öllum dúnsængum



100% dúnn
100% bómull

Lin
DESIGN

DAGSKRÁ

**4** | 19:40**JUNK FOOD KIDS: WHO'S TO BLAME**

Vandaðir breskir heimildapættir um offitu barna í Bretlandi en þriðjungur allra barna í Bretlandi er í yfirvigt. Í þessum þáttum er vandamálið skoðað frá öllum hliðum og leitað verður lausnar á vandamálinu. Seinni hlutinn verður sýndur eftir viku.

FRÁBÆR ÞRIÐJUDAGUR

Fáðu þér áskrift á **365.is****365****4** | 20:25**EMPIRE**

Spennandi þættir um Lucious Lyon sem státar af mikilli velgengni í tónlistarheiminum þegar hann greinist með alvarlegan sjúkdóm.

**4** | 21:10**THE BRINK**

Heimurinn er á barmi þriðju heimstyrjaldar og aðeins einn maður getur hjálpað bandarísku ríkisstjórninni að koma í veg fyrir það.

**4** | 21:35**BALLERS**

Frábærir þættir með Dwayne „The Rock“ Johnson í aðalhlutverki. Þættirnir fjalla um hóp amerískra fótboleikara og fjölskyldur þeirra.

**6** | 22:00**COLOMBIANA**

Hörkuspennandi mynd um unga konu sem vex úr grasi sem ískaldur leigumorðingi eftir að hafa orðið vitni að því að foreldrar hennar voru myrtir.

**3** | 20:15**ONE BORN EVERY MINUTE**

Vandaðir og áhugaverðir þættir þar sem fylgst er með komu nýrra einstaklinga í heiminn.

**Krakka Stöðin** | 18:00**ÆVINTÝRI TINNA**

Skemmtileg teiknimynd um ævintýradrenginn Tinna og Tobba besta vin hans.

**STÖÐ 2****07:00** Barnatími Stöðvar 2**08:00** The Middle**08:25** Junior Masterchef Australia**09:15** Bold and the Beautiful**09:35** The Doctors Frábærir þættir þar sem fjórir framúrskarandi læknar-sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum-veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.**10:15** Suits**11:00** Silicon Valley**11:30** The World's Strictest Parents**12:35** Nágrannar**13:00** American Idol**14:20** American Idol**15:50** Touch**16:35** Teen Titans Go**17:00** Bad Teacher**17:20** Bold and the Beautiful**17:40** Nágrannar**18:05** The Simpsons**18:30** Fréttir Stöðvar 2**18:47** Íþróttir**18:55** Ísland í dag**19:15** Anger Management**19:40** Junk Food Kids: Who's to Blame

20:25 Empire Dramatískir og spennandi þættir um Lucious Lyon sem státar af mikilli velgengni í tónlistarheiminum en hann rekur sitt eigið útgáfufyrirtæki. Þegar hann greinist með alvarlegan sjúkdóm er honum bent á að finna sér eftirmann, nú lítur hann til þriggja sona sinna og þarf að gera upp á milli þeirra.

21:10 The Brink**21:35** Ballers**22:05** The Strain**22:50** Last Week Tonight With John Oliver**23:20** Covert Affairs**00:00** Mistresses**00:45** Rita**01:30** Major Crimes**02:15** Trouble With the Curve**04:05** The Decoy Bride**05:30** The Middle**SPORT**

besta sætið

07:30 Pepsiðeildin 2015 FH - Stjarnan**11:45** Pepsiðeildin 2015 FH - Stjarnan**13:35** Einvígið á Nesinu**14:30** Borgunarbikarinn 2015 Valur - KR**16:20** League Cup Highlights 2014/2015**16:50** Pepsiðeildin 2015 FH - Stjarnan**18:40** Forkeppni Meistaradeildarinnar 2015/2016 Man. Utd. - Club Brugge**20:50** Forkeppni Meistaradeildarinnar 2015/2016 Lazio - Bayer Leverkusen**22:40** Forkeppni Meistaradeildarinnar 2015/2016 Sporting - CSKA Moskva**00:30** NBA Roundtable: Stars of the 90's**SPORT 2**

enski boltinn

07:00 Liverpool - Bournemouth**08:40** Messan**11:15** Messan**12:30** Watford - WBA**14:10** Aston Villa - Man. Utd.**15:50** Football League Show 2015/16**16:20** Valur - KR**18:10** FH - Stjarnan**20:00** Premier League Review 2015**20:55** Liverpool - Bournemouth**22:35** Messan**23:50** Tottenham - Stoke**INN****20.00** Hrafnæping **20.30** Hrafnæping **21.00** Gönguleiðir F1 **21.30** Skuggaráðuneytið**3** STÖÐ 3**18:35** Baby Daddy**19:00** World's Strictest Parents**19:50** Suburgatory**20:15** One Born Every Minute**21:05** Justified**21:50** Last Ship**22:35** Awake**23:20** The Originals

00:05 The Mysteries of Laura Skemmtilegir gamanþættir með Debra Messing í aðalhlutverki. Þættirnir fjalla um einstæða móður sem sinnir starfi sínu sem rannsóknarlögreglukona hjá lögreglunni í New York.

00:50 World's Strictest Parents**01:35** Suburgatory**02:00** One Born Every Minute

02:50 Justified Dramatískir þættir um lögreglumanninn Raylann Givens sem reynir að halda uppi lögum og reglu í smábæ í Kentucky með óhefðbundnum aðferðum.

03:35 Last Ship**04:20** Tónlistarmyndbönd frá Bravó**Krakka Stöðin**

07:00 Dóra könnuður **07:24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07:45** Doddi litli og Eyrnastór **07:55** Sumardalsmyllan **08:00** Áfram Diego, áfram! **08:24** Svampur Sveinsson **08:49** Tommi og Jenni **08:55** UKI **09:00** Ofurhundurinn Krypto **09:22** Lína langsokkur **09:47** Ævintýraferðin **10:00** Ævintýri Tinna **10:25** Latibær **10:47** Mæja býfluga **11:00** Dóra könnuður **11:24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11:45** Doddi litli og Eyrnastór **11:55** Sumardalsmyllan **12:00** Áfram Diego, áfram! **12:24** Svampur Sveinsson **12:49** Tommi og Jenni **12:55** UKI **13:00** Ofurhundurinn Krypto **13:22** Lína langsokkur **13:47** Ævintýraferðin **14:00** Ævintýri Tinna **14:25** Latibær **14:47** Mæja býfluga **15:00** Dóra könnuður **15:24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15:45** Doddi litli og Eyrnastór **15:55** Sumardalsmyllan **16:00** Áfram Diego, áfram! **16:24** Svampur Sveinsson **16:49** Tommi og Jenni **16:55** UKI **17:00** Ofurhundurinn Krypto **17:22** Lína langsokkur **17:47** Ævintýraferðin **18:00** Ævintýri Tinna

GULLSTÖÐIN**17:50** Strákarnir**18:20** Friends**18:45** New Girl**19:10** How I Met Your Mother**19:35** Two and a Half Men**20:00** Veggfóður

20:45 Hamingjan sanna Íslensk þáttaröð í umsjá Ásdísar Olsen sem byggð er á metsölubókinni Meiri hamingja sem hefur slegið í gegn um víða veröld.

21:30 The Tunnel**22:20** Curb Your Enthusiasm**22:50** Chuck**23:35** Cold Case**00:20** Veggfóður**01:05** Hamingjan sanna

01:45 The Tunnel Bresk/frönsk spennuþáttaröð sem byggð er á dönsku/sænsku þáttaröðinni Brúin.

02:35 Curb Your Enthusiasm**03:05** Tónlistarmyndbönd frá Bravó**BÍÓSTÖÐIN****12:35** Justin Bieber's Belive**14:05** Cinderella Story: Once Upon a Song**15:35** 10 Years**17:15** Justin Bieber's Belive**18:50** Cinderella Story: Once Upon a Song

20:20 10 Years Gamansöm mynd frá 2011 með Channing Tatum, Rosario Dawson, Chris Pratt, Kate Mara, Ron Livingston og Justin Long í aðalhlutverkum. Hún fjallar um gamla skólafélagið sem koma saman áratug eftir útskrift og komast að því að þau eru ekki orðin eins fullorðin og þau héldu.

22:00 Colombiana

23:50 Our Idiot Brother Gamanmynd frá 2011 með Paul Rudd, Elizabeth Banks, Zooey Deschanel og Emily Mortimer í aðalhlutverkum.

01:20 Kill The Irishman**03:05** Colombiana**RÚV****17:05** Sumardagur**17:20** Dótalæknir**17:43** Millý spyr**17:50** Sanjay og Craig**18:15** Tákn málsfréttir

18:25 Melissa og Joey Aðalhlutverk leika Melissa Joan Hart, Joseph Lawrence og Nick Robinson.

18:50 Öldin hennar**19:00** Fréttir**19:25** Íþróttir**19:30** Veðurfréttir**19:35** Golfíð

20:05 Svikin loforð Apple Apple er verðmætasta vörumerki heims og framleiðir vörur sem flestir sækjast eftir. Í þættinum er skyggst á bak við tjöldin til að skoða aðstæður starfsfólks Apple í Kína og tengsl fyrirtækisins við barnaþrælkun í Indónesíu könnuð.

21:00 Hið sæta sumarlíf**21:15** Hefnd**22:00** Tíufréttir**22:15** Veðurfréttir

22:20 Kóðinn Pólitísk, áströlsk spennuþáttaröð. Tvær unglingsstúlkur slasast alvarlega í bílslysi í miðri eyðimörk Ástralíu. Sú staðreynd að enginn hringir á aðstoð stúlkunum til bjargar vekur forvitni ungs blaðamanns. Hann fær bróður sinn í lið með sér til að komast að hinu sanna en setur þá báða í stórhættu í leiðinni. Aðalhlutverk: Dan Spielman, Ashley Zukerman og Adele Perovic. Leikstjóri: Shawn Seet. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

23:20 Vítinn**23:20** Fréttir**00:35** Dagskrárlok**SKJÁREINN****06:00** Pepsi MAX tónlist**08:00** Everybody Loves Raymond**08:20** Dr. Phil**09:00** The Talk**09:45** Pepsi MAX tónlist**13:30** Cheers**13:55** Dr. Phil**14:35** The Office**15:00** Top Chef**15:45** Emily Owens M.D**16:25** Eureka**17:05** America's Next Top Model**17:50** Dr. Phil**18:30** The Talk**19:10** Catfish**19:55** Welcome to Sweden**20:15** Reign**21:00** Parenthood**21:45** Nurse Jackie**22:10** Californication**22:40** Sex & the City**23:05** Ray Donovan**23:50** Girlfriends' Guide to Divorce**00:35** Satisfaction**01:20** Parenthood**02:05** Nurse Jackie**02:30** Californication**03:00** Sex & the City**03:25** Pepsi MAX tónlist**Golfstöðin**

08.20 PGA Championship 2015 (1:4) **15.20** Inside the PGA Tour 2015 (30:44) **15.45** This Is the Presidents Cup (8:9) **16.10** Golfing World 2015 (60:115) **17.00** PGA Championship 2015 (2:4)

HRINGBRAUT

12.00 Herrahornið (e) **12.15** Matjurtir (e) **12.30** Kíkt í skúrinn (e) **13.00** Úr smíðu Páls Steingrímssonar (e) **14.00** Herrahornið (e) **14.15** Matjurtir (e) **14.30** Kíkt í skúrinn (e) **15.00** Úr smíðu Páls Steingrímssonar (e) **16.00** Herrahornið (e) **16.15** Matjurtir (e) **16.30** Kíkt í skúrinn (e) **17.00** Úr smíðu Páls Steingrímssonar (e) **18.00** Herrahornið (e) **18.15** Matjurtir (e) **18.30** Kíkt í skúrinn (e) **19.00** Úr smíðu Páls Steingrímssonar (e) **20.00** Fólk með Sirrý (e) **21.00** Atvinnulífið (e) **21.30** Fólk og frumkvæði **22.00** Fólk með Sirrý (e) **23.00** Atvinnulífið (e) **23.30** Fólk og frumkvæði (e)

ÚTVARP**FM 88,5** XA-Radíó**FM 89,5** Retro**FM 90,1** Rás 2**FM 90,9** Gullbylgjan**FM 93,5** Rás 1**FM 95,7** FM957**FM 96,3** FM Suðurland**FM 96,7** Létt Bylgjan**FM 97,7** X-ið**FM 98,9** Bylgjan**FM 99,4** Útvarp Saga**FM 100,5** K100**FM 102,9** Lindin

ALLT FYRIR SKÓLANN!



BIC VÖRUR 25% AFSLÁTTUR

MORGUNMATURINN



Hafragrautur með bláberjum. Ég er mikil áhugakona um hafragraut og eftir mikla leit fann ég hina fullkomnu blöndu fyrir mig.

Una Stefánsdóttir, tónlistarkona

Á leið í tónleikaferð með Europe um Evrópu

Hljómsveitin The Vintage Caravan er á leið í sína fyrstu tónleikaferð á sem aðalúmer á erlendri grundu.

Hljómsveitin The Vintage Caravan er á leið í tónleikaferð með sænsku rokkhljómsveitinni Europe, sem er líklega þekktust fyrir að hafa sent frá sér ofursmellinn The Final Countdown árið 1986. „Þeir höfðu samband við bókunarskrifstofuna okkar og bókarinn okkar lagði fram að við ættum að taka þennan túr með þeim. Það er erfitt að hafa ekki heyrt eitthvað af lögnum þeirra og ég veit að þetta verður rosalega gaman,“ segir Óskar Logi Ágústsson, söngvari og gítarleikari hljómsveitarinnar.

Sveitirnar verða saman á tónleikaferð í tæpar þrjár vikur og ferðast um Skandinavíu, Eistland, Lettland, Litháen og víðar. Europe birti á Facebook-síðu sinni færslu þar sem sveitin fer fögrum orðum um íslensku rokkarana og líkir þeim meðal annars við merkar hljómsveitir á borð við Black Sabbath og Rush.

The Vintage Caravan gerir út frá Sønderborg í Danmörku en sveitin flutti þangað á síðasta ári. „Við vorum allt seinasta ár hérna úti en komum heim til að taka upp

nýju plötuna og vorum heima í 4-5 mánuði. Lífið er er rosa næs hérna úti og gerir okkur kleift að spila meira í Evrópu.“ Sveitin spilaði jafnframt á um hundrað tónleikum erlendis í fyrra. Í september hefst svo fyrsta tónleikaferð sveitarinnar á erlendri grundu þar sem hún er aðalúmerið. „Við erum að fara að taka fyrsta headline-túrinn okkar í Bretlandi í september. Við verðum í rúma viku þar og svo erum við að spila nokkuð þétt út árið.“ Sveitin stefnir á útgáfu tónleika á Íslandi í október.



NÓG FRAM UNÐAN Hljómsveitin Vintage Caravan fer í sína fyrstu tónleikaferð erlendis sem aðalúmerið.

MYND/NICHOLAS ÞÓR PETER HELGASON

STÖÐ 2 KYNNIR

Í SAMSTARFI VIÐ HLJÓÐX



HÁSKÓLABÍÓ

LAUGARDAGINN 26. SEPTEMBER

BESTU LÖG
BJÖRGVINS

MÍÐASALA HAFIN Á

MÍÐI.IS OG Í SÍMA 540 9800



HLJÓÐX

midi.is



LOKSINS Á ÍSLANDI Hljómsveitin Of Monsters and Men heldur tónleika á Íslandi í fyrsta sinn í tvö ár.

NORDICPHOTOS/GETTY

Fylgir því meiri spennu að spila heima á Íslandi

Hljómsveitin Of Monsters and Men spilar á sínum fyrstu tónleikum á Íslandi í tvö ár. Ragnar Þórhallsson, einn meðlimur sveitarinnar, spjallar við Fréttablaðið.

Hljómsveitin Of Monsters and Men heldur sína fyrstu tónleika á Íslandi í um tvö ár, þegar sveitin kemur fram á tvennum tónleikum í Hörpu annað kvöld og á fimmtudagskvöld. „Það er alltaf gaman að koma heim og spila, það fylgir því ákveðin spennu sem maður finnur ekki fyrir annars staðar. Maður verður aðeins stressaðri, sem er gott. Heldur manni á tánum,“ segir Ragnar Þórhallsson, annar söngvari og einn gítarleikari hljómsveitarinnar Of Monsters and Men, spurður út í tilfinninguna fyrir tónleikunum. Ragnar og félagar hafa verið á tónleikaferð um allan heim undanfarna mánuði og hefur hún að mestu gengið eins og í sögu. „Hingað til hafa hlutir gengið mjög vel. Við erum búin að tækla Norður-Ameríku ansi sterkt, Evrópu, Ástralíu og Japan. Við misstum reyndar bassaleikarann okkar hann Kristján í nokkrar vikur vegna salmonellu en hann er kominn sterkur til baka,“ segir Ragnar spurður út í tónleikaferðina.

Fleiri textamyndbönd væntanleg

Nýjasta plata sveitarinnar, Beneath the Skin, hefur fengið prýðis dóma á erlendum miðlum og þá hafa textamyndbönd sveitarinnar fengið mikla athygli. Hvaðan kemur hugmyndin að textamyndböndunum? „Sú hugmynd spratt upp að fá mismunandi fólk til að syngja og túlka lögin okkar á sinn hátt. Þælingin fléttast vel við textana á plötunni. Viðfangsefnin eru mannlægri á þessari plötu og það hefur verið bæði áhugavert og lærdómsríkt fyrir okkur að fylgjast með alls konar mismunandi fólki á öllum aldri túlka okkar skilaboð,“ útskýrir Ragnar.

Sveitin ætlar sér að gera textamyndbönd við öll lögin á plötunni. Fólk á borð við Sigga Sigurjóns, Natalie G. Gunnarsdóttur og Atla Frey Demant hefur komið fram í textamyndböndunum en það er valið af meðlimum sveitarinnar. „Við tökum oftast eitt lag fyrir í einu. Hugsum um manneskjur sem við tengjum við lagið bæði líkamlega og og hvað snertir persónuleika. Hugsum svo hvernig þau gætu túlkað lagið og hvernig við myndum hugsanlega túlka það. Að lokum endum við með nokkur nöfn sem við tékkum á og ef þau er til þá erum við til.“

Óvenjulegt ástarsamband

Fyrir utan textamyndböndin hefur sveitin sent frá sér tvö ný tónlistarmyndbönd við lögin Crystals og Empire, sem hafa einnig fengið mikið lof.

Meðlimir sveitarinnar koma fram í myndbandinu við lagið Crystals en þeir koma þó ekki fram í myndbandinu við lagið Empire sem kom út fyrir skömmu. „Hugmyndin var að gera eins konar stuttmynd og okkur fannst það sterkara að vera ekki í myndbandinu. Strax og hljómsveit er í myndbandi þá fer athyglin að dragast að henni og oft er það flott en oft er það líka truflandi. Í þessu tilfelli fannst okkur það geta verið truflandi,“ segir Ragnar.

Hvaðan kemur hugmyndin að myndbandinu? „Við vissum að við vildum byggja söguþráðinn á óvenjulegu ástarsambandi s.s. einhverju sem mögulega er litið hornauga í okkar samfélagi. Upprunalega var hugmyndin að sýna samband eldri konu og ungs manns en eftir miklar vangaveltur með leikstjóra myndbandsins, henni



TILHLÖKKUN Ragnar Þórhallsson úr Of Monsters and Men hlakkar til að spila á Íslandi en segist vera aðeins stressaðri fyrir tónleikum á Íslandi en annars staðar.

NORDICPHOTOS/GETTY

Tabitha Denholm, þá var þetta lendingin. Hugmyndin var ekki að sjokkera fólk heldur að sýna að það er fegurð í öllu, líka því sem að bregður frá norminu.“

Skoða alltaf Ísland fyrst

Myndbandið var tekið upp í Los Angeles en Ragnar segir sveitina ávallt skoða möguleikana á Ísland við framleiðslu á svona hlutum. „Við byrjum oftast á því að kanna möguleikana á að gera svona hluti á Íslandi. Hingað til hafa öll textamyndböndin okkar og hitt tónlistarmyndbandið fyrir nýju plötuna okkar verið tekin á Íslandi. Í þetta skipti hentaði það ekki mjög vel. Við unnum með leikstjóranum Tabitha Denholm. Hún hefur aðsetur í Los Angeles og vinnur mikið þaðan. Það hentaði því best að gera þetta verkefni þar,“ segir Ragnar.

gunnarleo@frettabladid.is

JOSH BLUE PALSY ON ICE TOUR

HÁSKÓLABÍÓ 4. SEPTEMBER



LAST
COMIC
STANDING

MIÐASALA HEFST Í DAG KL. 10:00
Á MIÐI.IS





BAKPANKAR
Jóns Sigurðar
Eyjólfssonar

Reiðarslag í rúminu

Við karlmenn eigum það flestir til að gleyma okkur við þá óra að við séum eitthvert kynlífslostæti og alveg ómóttæðilegir sem slíkir. Eina meðalið sem lífið hefur til að uppræta þennan miskilning er að slá okkur utanundir, mætti jafnvel kalla það reiðarslag. En ég fékk einmitt eitt slíkt fyrir skömmu.

ÉG dvel nefnilega þessa dagana í Zújar, þorpi konu minnar, sem er ágætt þorp fyrir utan þann urmul útigangshunda sem halda þar til. Þeir eru gjarnir á að flaðra upp um mann þar til bæjarbúar bregðast við en þá hrópa þeir: „Túva!“ og skella svo tvívegis í góm. Það bregst ekki, hundarnir láta umsvifalaust af sínum ljóta ósið og hverfa á braut, skömmustulegir á svip.

ÉG veit ekki til annars þorps þar sem íbúar eru með sína sérstöku aðferð við að reka af sér rakkana en hvergi annars staðar á byggðu bóli hef ég heyrt þetta „túva“ sem ríður húsum hér í Zújar. Ekki hef ég heldur heyrt heima-mann segja hundi að hypja sig með öðru móti, slíkt virðist bara ekki hvarfla að nokkrum Zújarbúa. Ég ákvað því að prófa þessa aðferð sjálfur.

PEGAR ég skokka verð ég venjulega fyrir nokkrum hundaágangi. Hef ég prófað að segja þeim að snáfa, uppá íslenskuna, en ekkert gerist. Það er ekki fyrir en ég hrópa „túva“ og skelli í góm að ég fæ einhverj frið.

SVO var það eina nótt að ég gat ekki sofið og gleymdi ég mér þá við fyrrnefnda óra. Gerðist ég þá heitfengur mjög, svo ég snéri mér að konu minni sem var einhvers staðar milli svefns og vöku. Ég beitti mínum lostabrögðum og strýk um kvenlegu línurnar af mikilli kostgæfni. Þá allt í einu hrópar hún úr svefnmóki að hætti heimamanna: „Túva!“ Og svei mér þá ef hún skellti ekki líka í góm.

EFTIR slíkt reiðarslag er best að snúa sér á hina hliðina eins og rakki, með skottið milli lappanna.

Setjum heilsuna í fyrsta sæti

Gerðu gæða- og verðsamanburð



REVERIE rúmin eru einnig fánleg með **BODY PRINT** heilsudýnum Kynntu þér málið!



IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi
Svæðisskipt þrýstjónunardýna sem veitir fullkominn stuðning. Einnig úrval af heilsukoddum



REVERIE 3E Essential með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 349.900.-

REVERIE 7S Supremem með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 439.900.-

Kiktu á www.reverie.com

Reverie

Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu heilsudýnum

- Tvíhert stálgrind
- Einföld og þægileg fjarstýring
- Hjólátir og kraftmiklir mótorar
- Lyftiget 2x611 kg. hvor botnar
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur.



Frábær hönnun

- Hægt er að fá aukabúnað til að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
- Glæsileg fjarstýring með standi.
- Tvær innstungur á baki til að hlaða farsíma, fartölvu o.fl.
- Einnig hægt að tengja borðlampa o.fl.

Vinsælu rafstillanlegu hvíldarstólarnir og sófarnir komnir aftur. Leður á slitflötum. Einstaklega þægilegir. Nokkrir litir.




Rafdrifinn hvíldarsófi
aðeins kr. 219.900.-
Rafdrifinn hvíldarstóll
aðeins kr. 119.900.-

Lyftustóllinn vinsæli kominn aftur
Verð aðeins **kr. 109.900.-**

Stillanlegir hvíldarstólar
Verð frá **kr. 89.900.-**

Verona

Lúxus rafstillanlegur tungusófi með þykku vönduðu leðri. Hægri eða vinstri tunga.
Verð kr. 499.000.-
Kynningarverð aðeins kr. 399.200.-



*3.5% lántökugjald




Svefn & heilsa

Fimm stjörnu verzlun

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is



YFIRBURÐIR

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðalrestur á
tölublað 18-49 ára. Prentmiðlakönnun
Gallup, jan. - mar. 2015



Allt sem þú þarft ...